

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 25. maí 2023
UST202305-205/A.B.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - matsáætlun – Tvær vindmyllur við Lagarfoss

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 14. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda matsáætlun.

Í greinargerð kemur fram Orkusalan (hér eftir nefnt framkvæmdaraðili) hyggst reisa tvær allt að 160 m háar vindmyllur innan lóðar sinnar við Lagarfossvirkjun í Múlapingi. Uppsett afl gæti orðið allt að 9,9 MW.

Markmiðið með þessari framkvæmd er að öðlast reynslu og byggja upp þekkingu á rekstri vindmylla innan Orkusölnunnar og tryggja fjölbreytta, endurnýjanlega orku til framtíðar.

Mat á umhverfisáhrifum

Í umhverfismati verða teknir fyrir eftirfarandi umhverfisþættir: gróður, fuglalíf, landslag og ásýnd, hljóðvist, útivist og ferðamennska.

Ásýnd

Umhverfisstofnun vill benda framkvæmdaraðila á að hægt væri að líta til matsskýrslu fyrir Búrfellslund¹ segir á bls. 66 að eftirfarandi viðmið séu notuð við vægiseinkunn fyrir sjónræn áhrif vindmyllanna en þar segir:

- Talsvert neikvæð áhrif 5 - 10 km – Á þessu belti getur verið erfitt að ráða í fjarlægð til vindmyllanna og þar með stærð þeirra. Vindmyllurnar eru áberandi í landslaginu jafnvel þótt lögun þess og gróður dragi sums staðar úr sjónrænum áhrifum.
- Verulega neikvæð áhrif 0 - 5 km – Vindmyllurnar eru ráðandi í umhverfinu og mjög áberandi.

Umhverfisstofnun tekur undir álit Skipulagsstofnunar² um mat á umhverfisáhrifum frá árinu 2016 varðandi Búrfellslund þar sem segir að ljóst er að áhrif á landslag og ásýnd vega þungt við umhverfismat vindorkuvera en um er að ræða stór mannvirki sem eru sýnileg um langan veg.

¹ [https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1182/B%C3%BArfellslundur_matsskyrsla_%20\(002\).pdf](https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1182/B%C3%BArfellslundur_matsskyrsla_%20(002).pdf)

² <https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1180/201507054.pdf>

Sjónræn áhrif og myndir

Í greinargerð kemur fram að til að meta áhrifasvæðið verða gerð sýnileikakort sem meta fræðilegan sýnilega. Til að meta áhrif á ásýnd verða teknar ljósmyndir vítt og breitt um Úthérað og líkan af vindmyllunum sett inn á þær myndir.

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að unnið sé sýnileikakort og teknar verða ljósmyndir, en þessi gögn segja ekki nema hálfra söguna. Annarsvegar er allt önnur upplifun fólks á að horfa á kort og mynd en að horfa á raunverulega vindmyllu (mannvirki sem eru 160 metrar á hæð) á staðnum og hins vegar eru spaðar vindmyllu á hreyfingu þar sem kort og myndir segja lítið.

Því þarf framkvæmdaraðilinn, að mati Umhverfisstofnunar að leita frekari leiða til að meta og sýna sjónræn áhrif frá vindmyllunum.

Óbyggð víðerni

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, þar sem fjallað er um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni, segir að til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að standa vörð um óbyggð víðerni landsins. Samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013 eru óbyggð víðerni skilgreind sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð, eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin geti hafa áhrif á verndargildi víðerna og því mikilvægt að áhrifin séu metin í umhverfismati.

Vinnubúðir og tæki

Umhverfisstofnun bendir á að gera þarf grein fyrir helstu tækjum sem notuð verða við framkvæmdina, starfsmannafjölda og vinnubúðum. Mikilvægt er að fráveitumál samræmist reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ

Áhrif á vatn

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess fjallað sé um áhrif verkefnisins á vatn í umhverfismatinu þ.e. áhrif vegna flutnings á vindmylluhlutum, uppbyggingu, starfsemi, viðhalds og niðurrifs.

Örplast

Umhverfisstofnun vill benda á að þekking á örplasti hefur aukist töluvert á undanförunum árum þar sem stærstu uppsprettur losunar örplasts á landi eru dekkjaslit, vegryk auk þess kemur plast frá sjávarútvegi og fiskeldi. Í skýrslu sem unnin var fyrir Umhverfisstofnun Noregs³ árið 2020 kemur fram að myndun örplasts í Noregi er um 19.000 tonn. Í sömu skýrslu kemur fram áætlað losun á bilinu 10 til

³ <https://www.miljodirektoratet.no/publikasjoner/2021/april-2021/norske-landbaserte-kilder-til-mikroplast/>

170 tonn frá vindmyllum, miðað við þær 1000 vindmyllur sem voru starfandi á því ári. Auk þess kemur fram að matið varðandi örplast frá vindmyllum sé byggt á mjög takmörkuðum grunni.

Umhverfisstofnun leggur því til að framkvæmdaraðili leiti upplýsingar hjá framleiðendur og fái t.d. upplýsingar um sliti á blöðum og fjalli um áhrif örplasts í umhverfismatinu. Auk þess þarf að fjalla um þær mótvægisáðgerðir sem fyrirhugaðar eru m.a. við viðgerðir og viðhald á blöðum.

Geymslusvæði

Vindmyllunum verður að öllum líkindum skipað upp á Reyðarfirði og þaðan fluttar landleiðina að Lagarfossi. Reyðarfjarðarhöfn er vel í stakk búin að taka á móti stórum og þungum einingum eftir uppbyggingu álversins í Reyðarfirði, framkvæmdir við Kárahjúkastíflu og stækkun Lagarfossvirkjunar.

Fram kemur að líklega yrði Reyðarfjarðarhöfn nýtt til að flytja inn vindmylluparta. Umhverfisstofnun bendir á að gera þarf grein fyrir þeim framkvæmdum sem gera þarf í tengslum við vindorkugarðinn við höfnina. Eins þarf að gera grein fyrir geymslustað fyrir vindmylluparta og ef einhverjar framkvæmdir eru þarfar á flutningsleiðinni. Vindmyllur eru gríðarlega stór mannvirki og spaðana þarf t.d. líklega að flytja í heilu lagi sem veldur því að einhverjar beygjur þarf að víkka á flutningsleiðinni.

Niðurrif

Í greinargerð segir að líftími vindmyllanna er um 25 ár, að þeim tíma liðnum verða túrbínur annað hvort endurnýjaðar, eða rekstri hætt, vindmyllurnar tvær teknar niður og fluttar á brott til endurvinnslu. Niðurrifið mun felast í sundurhlutun á vindmyllunum, flutningi þeirra af svæðinu auk þess sem grunnar og vegir á svæðinu verða fjarlægðir, nema annars sé óskað af yfirvöldum. Líklega mun niðurrif vindorkugarðsins hafa á móta umhverfisáhrif og uppsetning hans, en áhrifin munu vara í skemmri tíma.

Umhverfisstofnun telur það mikilvægt að gerð verði ítarleg grein fyrir um umfang úrgangs sem fylgir uppbyggingu og síðar viðhaldi og niðurrifi og frágangi á svæðinu.

Skuggavarp

Í greinargerð segir að einnig mun Efla verkfræðistofa framkvæma skuggaflöktsgreiningu til að meta áhrif af völdum skuggaflökts. Hins vegar eru ekki settar fram neinar matsspurningar né fjallað um gögn og rannsóknir. Skuggavarp gæti fallið undir sjónræn áhrif líkt og blikkljós frá vindmyllum, en mikilvægt sé að framkvæmdaraðili skoði hvort ekki væri eðlilegra að hafa skuggavarp sér matsþátt.

Í umhverfismati þyrfti því að skoða áhrif skuggavarps og fjalla um mótvægisáðgerðir vegna skuggavarps t.d. með því að stöðva vindmylluna á þeim tímum sem skuggi myndast, til dæmis að morgni og að kvöldi, til þess að draga úr áhrifum á íbúa og aðra sem verða fyrir áhrifum.

Ískast

Í greinargerð er ekki fjallað um áhrif ískast frá vindmyllunum, þá frá vélarhúsi eða spöðum. Mikilvægt er að mati Umhverfisstofnunar að fjallað sé um þessa þætti í umhverfismati.

Á heimasíðu Vatns- og orkumálastofnun Noregs (NVE)⁴ segir að líkurnar á að einstaklingur slasist af ís/klaka sem fellur niður frá vélarhúsi eða kastast frá spöðum eru litlar, en afleiðingarnar geta verið miklar. Því er mikilvægt að framkvæmdaraðili geri áhættumat og vinni að mótvægisáðgerðum. Auk þess þarf að fjalla um mótvægisáðgerðir eins og uppsetning upplýsingaskilta fyrir ferðamenn, öryggisfjarlægðir og aðra upplýsingagjöf.

Í skýrslu sem var gefin út árið 2019 af Vatns- og orkumálastofnun Noregs sem nefnist „*Forslag til nasjonal ramme for vindkraft*“⁵ segir að það eru fjölmargir þættir sem geta haft áhrif á ískast. Almenna regla sé sú að fjarlægðin skal vera summa hæð vindmyllu og þvermál spaða. Í Noregi árið 2019 eru fjarlægðin að jafnaði um 200 metrar.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að á upplýsingaskilti hjá vindorkuveri í Bjerkreim í Noregi þar sem fjarlægðin skal vera 300 metrar.⁶

Útivist

Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdin getur haft áhrif á umferð fólks um skipulagssvæðið m.a. vegna lokunar á svæðinu vegna áhættu af ískasti. Umhverfisstofnun benda á að hægt er líta til IV. kafla náttúruverndarlaga nr. 60/2013 þar sem fjallað er um almannaréttur, útivist og umgengni.

Fuglalíf

Varðandi áhrif á fuglalíf tekur Umhverfisstofnun undir að það þarf að rannsaka tap og breytingar á bússvæðum (varpárangur), áhrif á farleiðir og breytingar á hegðun og áflugsáhættu. Auk þess tekur stofnunin undir að áhrif vindmyllugarða er mismunandi eftir fuglategundum. Í rannsókn sem var unnin á áhrif vindorkugarðs á fuglalífs á Smølu á árunum 2006 til 2016 fundust 464 fuglar sem drápust við árekstur á vindmyllurnar sem eru 68 talsins á svæðinu. Meira en helmingur þeirra var rjúpur, eða 192 og hafarnir 71.⁷

Einnig þarf að skoða hver áhrif hávaði hefur á bússvæði fuglanna þar sem að fuglar nota söng sem til samskipta eins og viðvörunarhljóð.

Valkostir

Þar sem að framkvæmdasvæðið er tiltölulega lítið getur sveigjanleiki varðandi staðsetningar vindmylla með tilliti til áhrifaþátta verið lítill. Því telur stofnunin að

⁴ <https://www.nve.no/energi/energisystem/vindkraft/kunnskapsgrunnlag-om-virkninger-av-vindkraft-paa-land/iskast-fra-vindturbiner/>

⁵ https://publikasjoner.nve.no/rapport/2019/rapport2019_12.pdf

⁶ <https://www.aftenbladet.no/meninger/debatt/i/EQvAyP/vindkraftanlegg-paa-trollaasen-og-moifjellet-i-bjerkreim-faar-store-konsekvenser-for-naboene>

⁷ <https://ntnuopen.ntnu.no/ntnu-xmlui/handle/11250/2441256>

mikilvægt sé að skoða hvort framkvæmdasvæðið m.t.t. staðsetningar á vindmyllunum sé stækkað.

Dyrfjöll

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að svæði norðan Dyrfjalla var friðlýst sem landslagsverndarsvæði þann 2. júlí 2021 ásamt því sem Stórurð var friðlýst sem náttúruvætti.

Svæðið sem um ræðir er hluti Dyrfjallaeldstöðvarinnar og er staðsett ofan á þykum basalhraunum. Innan svæðisins er að finna elstu hraun sem fundist hafa á Austfjörðum, um 13,5 milljón ára. Í hömrnunum milli Stapavíkur og Selvogsnes er einnig að finna líparít bergganga.

Stórurð er gömul skriða sem féll ofan í Urðardal sem einkennist af stórum björgum og stórgrýti. Innan um stórgrýtið eru litlar tjarnir og sléttir grasbalar. Stórgrýtið er úr móbergi sem á uppruna sinn í megineldstöðinni í Dyrfjöllum. Úr Stórurð er mikilfenglegt útsýni, meðal annars á dyrnar í Dyrfjöllum sem er stórbrotin sjón.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvæði þess að fjallað sé um í tillögunni hvort framkvæmdir utan friðlýstra svæða geti á einhvern hátt haft áhrif á hinu friðlýstu svæðin. Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að „*Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.*

Hávaði

Umhverfisstofnun vill benda á heimasíðu Norsku Lýðheilsustofnunarinnar, en þar sem fjallað er um áhrif hljóðvistar frá vindmyllum⁸. Þar kemur m.a. fram að skortur sé á rannsóknum og þekkingu vegna hávaða frá vindmyllum á lýðheilsu fólks miðað við t.d. umferðarhávaða, en hávaðinn getur valdið óþægindum, svefntruflunum, haft áhrif á geðheilsu og valdið hjarta- og æðasjúkdómum.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða segir að viðmið heilsuspillandi hávaða er 85 desíbel(A) LAeq (jafngildishljóðstig í 8 klst). Þegar heilsuspillandi áhrif hávaða eru metin, skal sérstaklega hafa í huga eftirfarandi atriði: Styrk hávaðans mældan í desíbelum(A), tónhæð hávaðans, hvort hávaðinn er stöðugur eða breytilegur, daglega tímalengd hávaðans, tíma sólarhringsins er hávaðinn varir, heildartímabil, sem ætla má að hávaðinn vari (dagar/vikur) og að börn eru viðkvæmari fyrir hávaða en fullorðnir.

Umhverfisstofnun vill einnig vekja athygli á skýrslu sem nefnist „*Environmental noise guidelines for the European Region*“ sem gefin var út af WHO⁹ þar sem kemur fram

⁸ <https://www.fhi.no/ml/miljo/stoy/stoy--fra-vindturbiner-helseskadelig/>

⁹ [Environmental noise guidelines for the European Region \(who.int\)](https://www.who.int/publications/m/item/environmental-noise-guidelines-for-the-european-region)

á bls. 77 að lagt er til að hávaði frá vindmyllum sé undir 45 dB Lden. Hávaði yfir 45 db sé heilsuspillandi hávaði.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. maí 2023
Tilvísun: OS2023040055/22.2
Skjalanr:397411

Efni: Umsögn Orkustofnunar við matsáætlun fyrir vindmyllur við Lagarfossvirkjun.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dagsettu þann 14. apríl 2023., þar sem óskað var umsagnar Orkustofnunar um matsáætlun fyrir vindmyllur við Lagarfossvirkjun, í samræmi 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Óskað var eftir athugasemdum eigi síðar en þann 15. maí 2023, en frestur var framlengdur að beiðni Orkustofnunar fram til 22. maí 2023.

Samkvæmt fyrrgreindum lagaákvæðum er þess óskað að Orkustofnun gefi umsögn um það, eftir því sem við á, hvort Orkustofnun hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá starfssviði stofnunarinnar, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum Orkustofnun telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Samkvæmt 4. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, þarf leyfi Orkustofnunar til að reisa og reka raforkuver og afmarkar framangreint lagaákvæði stjórnsýslulega aðkomu Orkustofnunar að umræddri framkvæmd á síðari stigum.

Sérfræðingar Orkustofnunar hafa farið yfir ofangreinda matsáætlun fyrir vindmyllur við Lagarfossvirkjun og gera ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra

Sylvía Rakel Guðjónsdóttir
Sérfræðingur
Sjálfbær auðlindanýting

Rafræn undirskrift hér að neðan

Sigurjón Njarðarson
Lögfræðingur
Sjálfbær auðlindanýting

Rafræn undirskrift hér að neðan



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Austurlands
Bakka 1 765 Djúpvaggi

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík

Djúpivogur, 22. maí 2023
MÍ202304-0102/ 6.07 / Þ.E.H.

Efni: Vindmyllur við Lagarfoss, Múlaþing - matsáætlun

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvubréf Skipulagsstofnunar frá 24. apríl 2023 þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar. Meðfylgjandi var matsáætlunin, dags. 13.04.2023.

Orkusalan telur iðnaðarlóð við Lagarfoss hentugan stað til uppbyggingar á vindorkunýtingu þar sem helstu raforkuinnviðir til að tengja vindmyllur við raforkukerfið eru þegar innan lóðarmarka. Svæðinu hefur að miklu leiti verið raskað síðustu áratugi vegna virkjanaframkvæmda vegna Lagarfossvirkjunar. Markmið framkvæmdanna er að öðlast reynslu og byggja upp þekkingu á rekstri vindmylla innan Orkusölnunnar og tryggja fjölbreytta, endurnýjanlega orku til framtíðar.

Gert er ráð fyrir að reisa tvær vindmyllur, samtals allt að 9,9MW í um 2-300m fjarlægð austan við Lagarfossveg. Mastur (hæð vélarhúss) vindmylla er allt að 110m hátt röramastur. Undirstaða mastursins er að öllum líkindum steipt að mestu leyti og er allt að 25m í þvermál. Efst á röramastri er framleiðsluhluti vindmyllunnar, þ.e. hverfill og rafali. Spaðar vindmyllu eru þrjár og er heildarþvermál spaða allt að 140m. Þegar spaði nær hæst getur heildarhæð vindmyllu verið 160m.

Gert er ráð fyrir að settir verði upp tveir nýir 11kV rofar í aðveitustöð við Lagarfoss og vindmyllurnar tengdar inn á sitthvorn rofann. Tveir 11kV jarðstrengir verði lagðir frá aðveitustöðinni að vindmyllunum meðfram vegslóð. Vinnuplan verður við báðar vindmyllurnar fyrir uppsetningu, viðhald og niðurrif þeirra en vinnuplanið getur verið allt að 3500m². Efnið í framkvæmdirnar verður tekið úr viðurkenndum námum í nágrenninu. Vindmyllunum sjálfum verður landað líklega á Reyðarfirði og þaðan fluttar landleiðina að Lagarfossi. Sumar einingarnar eru langar og bregðast þarf við sökum þessa á þremur stöðum frá Reyðarfirði að Lagarfossi; við hringtorgið á Reyðarfirði, þegar beygt er af þjóðvegi 1 inn á veg nr. 94 og þegar beygt er af vegi nr. 94 inn á Lagarfossveg.

Í kafla 4.4.7.2 er fjallað um fornleifar. Þar segir að fornleifafræðingur hafi kannað framkvæmdarsvæðið árið 2019 og voru niðurstöður þeirrar könnunar að ein fornleif fannst innan svæðisins, mögulegur landamerkjagarður. Garðurinn sé staðsettur um 120m frá nyðri vindmyllunni og verður honum og umhverfi hans ekki raskað. Framkvæmdaraðili metur það því sem svo að ekki sé þörf á að fjalla sérstaklega um fornleifar í umhverfismatskýrslu.

**Þuríður Elísa
Harðardóttir**
Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is

Athugasemdir Minjastofnunar Íslands

Minjastofnun Íslands veitti umsögn um fyrirspurn um matsskyldu með bréfi til Skipulagsstofnunar, dags. 14. október 2022. Þar vakti stofnunin athygli á því að fyrir lægi skýrsla Fornleifafræðistofnunnar frá árinu 2019; *Fornleifaskráning við Lagarfljótsvirkjun vegna fyrirhugaðra vindmylla*. Samkvæmt henni væri einn minjastaður innan svæðisins, garður sem er talin vera frá 10. – 11. öld. Hann væri staðsettur nyrst á lóð Orkusölnunnar en SV-endi garðsins væri talin hafa farið undir framkvæmdarsvæðið. Stofnunin taldi að ofangreind framkvæmd skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum þar sem fyrir lægu fullnægjandi gögn um fornleifar og um áhrif framkvæmdarinnar á þær.

Minjastofnun vekur athygli á því að það er ekki framkvæmdaraðila að meta hvort fjalla þurfi um fornleifar í umhverfismati heldur Minjastofnunar. Stofnunin gerði grein fyrir afstöðu sinni í umsögn sinni frá 14. október 2022.

Þó að minjar séu ekki í hættu innan framkvæmdarsvæðis mun sjónræna áhrifa vindmylla mögulega gæta á minjastöðum á Úthéraði. Friðlýstur minjastaður er t.d. við Þinghöfða sunnan Lagarfoss auk þess sem innan svæðisins eru friðlýstrar kirkjur og önnur minjasvæði.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 stendur m.a.:

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Einnig vekur stofnunin athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllst,



Þuríður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Þórdís Stella Erlingsdóttir (thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is)

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 19. maí 2023
Málsnúmer: 202304-0020
BK/OKV

Efni: Vindmyllur við Lagarfoss - matsáætlun

Vísað er til tölvubréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 14. apríl 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun vegna vindmylla við Lagarfoss.

Framkvæmdasvæðið er við Lagarfossvirkjun í Lagarfljóti í Múlaþingi. Um er að tvær vindmyllur, samtals allt að 9,9 MW, í um 2-300 m fjarlægð austan við Lagarfossveg. Heildarþvermál spaða er allt að 140 m, háð því hvort einhverjar breytingar verði gerðar á búnaði frá því skipulag er samþykkt, tilskyld leyfi fást og þar til framkvæmd fer af stað. Í hæstu stöðu getur hæð vindmyllu verið 160 m, að gefnum áðurgreindum forsendum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Í matsáætluninni kemur fram:

Svæðið er á jaldri svæðis nr. 649 á náttúruminjaskrá, Gláma og nágrenni. Náttúruverndarsvæðinu er lýst sem óframræstu votlendissvæði með mörgum stöðuvötnum, fjölda tjarna og viðlendra bláa. Miklum og fjölbreyttum gróðri í mýrum og vötnum og auðugt fuglalíf. Úthérað (VOT-A-3) er svæði sem nær frá Héraðsflóa milli Landsendaþfalls og Grjóttfjalls um Héraðssanda og inn um Jökulsárhlið, Hróarstungu, Hjaltastaðapínghá og Eiðapínghá. Svæðið er á IBA-skrá og er ysti hluti Úthéraðs á náttúruminjaskrá. Svæðið er talið mikilvægt fuglasvæði en auk þess er gróður fjölbreyttur og fjöldi tjarna og stöðuvatna á svæðinu.

Þó að það sé minnst á það síðar í matsáætluninni, þá mætti þarna einnig koma fram að framkvæmdasvæðið er innan svæðis sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár vegna vistgerða á landi, fugla og sela (<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/utherað>),

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar til Skipulagsstofnunar um ákvörðun um matskyldu sömu framkvæmdar (dags. 13.10.2022) kom fram að þrátt fyrir að vindmyllustæðin tvö séu í grennd við Lagarfossvirkjun og landi hafi þegar verið raskað í grenndinni, sé líklegt að þau komi til með að raska heillegum vistgerðum með mjög hátt verndargildi og umtalsverðu votlendi. Ólíklegt er að vindmyllustæðin séu í mólendi, eins og lýst er í matsáætlun, heldur finnst einnig votlendi á svæðinu sem samanstendur af vistgerðum með mjög hátt verndargildi.

Náttúrufræðistofnun vill ítreka að vistgerðakort er gefið út til notkunar í mælikvarðanum 1:25.000. Því er ekki áreiðanlegt að styðjast eingöngu við kortið þegar svona lítil svæði eru til skoðunar.

Hér er um að ræða svæði sem er á náttúruminjaskrá, m.a. vegna votlendis og fjölbreytts gróðurs, og því ættu rannsóknir fyrir umhverfismat að byggja á vettvangsathugun og kortlagningu



vistgerða, einkum þar sem um er að ræða vistgerðir með mjög hátt verndargildi, sem og skráningu æðplöntutegunda.

Bls. 22 í matsáætlun:

Reynsla af tveim vindmyllum Landsvirkjunar við Búrfell og af tveim vindmyllum Biokraft við Pykkvabæ er sú að áflug fugla er mjög lítið og þær virðast ekki hafa meiri fælingarmátt en önnur mannvirki, t.d. í Pykkvabæ hafa lóur orpið mjög nálægt og nánast undir vindmyllunum sem þar voru á árunum 2014-2022.

Hér er þörf á upplýsingum um það hvernig þessar athuganir á áflugi fara fram. Rannsóknir á tíðni áflugs krefjast nefnilega mjög ítarlegra og tíðra athugana ef þær eiga að teljast marktækar. Slíkar athuganir þurfa m.a. að taka mið af reynslu athuganda, gróðurfari umhverfis vindmyllurnar og þekkingu á því hve hræ eru fljót að hverfa af vettvangi en rannsóknir erlendis frá hafa sýnt að afræningjar geta verið mjög snöggir að fjarlægja hræ. Þá eru meiri líkur á því að finna ummerki um stærri tegundir en þær smærri (Ponce o.fl. 2010).

Án ítarlegra rannsókna er því ekki hægt að meta tíðni áflugs með fullnægjandi hætti.

Varðandi fælingarmátt mannvirkja, þá hafa rannsóknir leitt í ljós að þéttleiki margra fuglategunda er lægri nær ýmsum mannvirkjum en fjær, t.d. vindmyllugörðum (Pearce-Higgins o.fl. 2009, Shaffer o.fl. 2016). Án athugana á þéttleika fugla í grennd við ofangreindar vindmyllur er ekki hægt að leggja mat á það hvort fælingaráhrif séu til staðar.

Í leiðbeiningum Scottish Natural Heritage um fuglaathuganir í tengslum við vindmyllugarða, sem vísað er til í matsáætluninni, er mælt með því að athuganir spanni a.m.k. tvö ár vegna mögulegs breytileika á milli ára en hér er aðeins gert ráð fyrir einu ári í athuganir. Þrátt fyrir að vindmyllurnar séu einungis tvær þá eru þær eru bæði háar og innan mikilvægs fuglasvæðis og í leiðbeiningunum segir: „*Smaller developments and even single turbines may also present a potential risk if placed in areas of high bird sensitivity...*”

Í umfjöllun um fuglarannsóknir er ekki minnst á ratsjárathuganir. Hérlendis hafa athuganir Náttúrustofu Norðausturlands með ratsjá samhliða sjónarhólmælingum sýnt að auðvelt getur verið fyrir athuganda á vettvangi að missa af fuglum. Þá geta sjónarhólmælingar ekki farið fram á nóttunni en í ratsjárathugunum Náttúrustofunnar hefur komið í ljós að stór hluti umferðar á sér stað á næturnar, sérstaklega á haustin.

Farleiðir fugla eru almennt illa þekktar hérlendis og telur Náttúrufræðistofnun það nauðsynlegt þegar um er að ræða jafn fuglaríkt svæði og Úthérað að fram fari ratsjárathuganir á framkvæmdasvæðinu samkvæmt þeirri aðferðafræði sem Náttúrustofa Norðausturlands notar og að þær nái til fartíma að vori og hausti sem og varptíma.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.



Heimildir

Pearce-Higgins, J.W., Stephen, L., Langston, R.H.W., Bainbridge, I.P. & Bullman, R. (2009). The distribution of breeding birds around upland wind farms. *J. Appl. Ecol.*, 46, 1323–1331.

Ponce, C., Alonso, J.C., Argandoña, G., García Fernández, A., Carrasco, M., 2010. Carcass removal by scavengers and search accuracy affect bird mortality estimates at power lines. *Anim. Conserv.* 13, 603–612.

Shaffer JA, Buhl DA. 2016. Effects of wind-energy facilities on breeding grassland bird distributions. *Conservation Biology* 30: 59–71.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir

Líffræðingur
Svið náttúruverndar



Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík
thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is
skipulag@skipulag.is

15. maí 2023
2023-04-63/0.11.2

Efni: Umsögn Landsnets um matsáætlun vegna vindmylla við Lagarfossvirkjun

Landsneti barst, þann 14. apríl 2023, beiðni um að veita umsögn um matsáætlun vegna fyrirhugaðra vindmylla við Lagarfossvirkjun. Umsagnafrestur er til 15. maí 2023.

Landsnet hefur farið yfir gögnin sem fylgdu erindinu. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun.

Landsnet bendir á að Lagarfosslína 1 liggur á milli fyrirhugaðra vindmylla. Línan er 66 kV loftlína að skurðbakka Lagarfossvirkjunar þar sem endamastur hennar stendur. Þaðan liggur línan í jarðstreng neðan vegslóða að tengivirki Lagarfoss. Í kafla 2 í matsáætluninni eru upplýsingar um framkvæmdina. Samkvæmt mynd 2.1. verður önnur vindmyllan staðsett um 215 m norðan loftlínunnar og hin um 190 m sunnan hennar. Fyrirhugaður vegur að vinnuplani og jarðstrengur frá vindmyllum munu liggja um núverndi vegslóða undir línunni, næst endastæðu hennar. Í kaflanum er fjallað um þungaflutninga vegna framkvæmda og að allar aðgerðir vegna þeirra verði unnar í samráði við Vegagerðina. Landsnet bendir á að leyfi fyrirtækisins þarf vegna vinnu nálægt flutningsvirki í rekstri.

Í kafla 3.1 er fjallað um staðsetningu og staðhætti. Landnet telur að þar ætti að koma fram umfjöllun um Lagarfosslínu 1. Það á einnig við um kafla 3.2.3 um gildandi aðalskipulag en Lagarfosslína er tilgreind í aðalskipulaginu.

Í kafla 4.4 er fjallað um þá umhverfisþætti sem framkvæmdaraðili hyggst fjalla sérstaklega um í umhverfismatsskýrslunni. Landnet telur mikilvægt að í umhverfismatsskýrslunni verði metið hvort og hversu mikil áhætta er af staðsetningu og rekstri vindmylla svo nálægt háspennulínunni s.s. vegna flutninga vindmyllueininga, efnisflutninga, strenglögn og vinnu nærri henni. Einnig m.t.t. veðurfarslegra áhrifa svo sem mögulegs ískasts og myndun vindstrengja frá vindmyllunum sem geti haft áhrif á rekstur loftlínunnar og mastra. Við endanlega verkhönnun þarf að vera búið að ganga úr skugga um að tilhögun vindmyllanna ógni ekki afhendingaröryggi og að persónuöryggi verði tryggt á framkvæmda- og rekstrartíma þeirra.

Virðingarfyllst

Rut Kristinsdóttir

Undirritunarsíða

Rut Kristinsdóttir

Skipulagsstonu

n Borgartúni

7b 105

Reykjavík

Sent með tölvupósti á: skipulag@skipulag.is

Reykjavík, 12.maí 2023

Efni: Umsögn – Matsáætlun v / vindorkuver við Lagarfoss

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér fyrirbyggjandi matsáætlun dags.13.04.2023. Það er grundvallarstjórnarmið Landverndar að allar vindorkuvirkjanir m.a. af þeim stærðarskala sem hér um ræðir í matsáætlun hafi svo víðtæk áhrif og inngrip að framkvæmdin ætti skilyrðislaust að lúta lögum um rammaáætlun¹. Landvernd gerir sér þó grein fyrir því að lagaumgjörð um vindorku er enn á byrjunarreit hér á landi sem er gott út af fyrir sig þar sem ætla má þá að líkur séu á að hægt sé að læra af þeim misstökum sem gerð hafa verið á erlendri grundu varðandi þessar nýju hugmyndir um að virkja vindinn.

1. Inngangur

Í inngangi segir að svæði hafi verið kortlögð með tilliti til ólíkra áhrifaþátta innan Fljótsdalshéraðs. Hér óskar Landvernd eftir skýrari útlistun á í hvað er verið að vísa og um hvaða áhrifaþætti er að ræða. Sé Efla hér að vísa til skýrslu að beiðni Múlapings vegna lauslegrar skoðunar á mögulegum nýtingasvæðum vegna vindorku þá getur sú skýrsla ekki legið til grundvallar ákvarðanatöku. Til þess þyrfti sú lauslega samantekt að hafa verið byggð á viðurkenndum rannsóknaraðferðum, enda hefur sveitarfélagið sjálft

¹ [Vindorkuver eiga heima í rammaáætlun \(landvernd.is\)](#)
[Starfshópur um vindorkuver - Landvernd](#)
[Stærðarviðmiðum í rammaáætlun verður að breyta \(landvernd.is\)](#)

litið einvörðungu á þessa skýrslu sem vinnugagn til hliðsjónar frekar en að um stjórnþæki væri að ræða.

2. Upplýsingar um framkvæmdina

2.1. Tilgangur og markmið

Hér segir að með framkvæmdinni sé verið að „*öðlast reynslu og byggja upp þekkingu á rekstri vindmylla*“ Svo engum vafa sé undirorpið þá getur það ekki talist trúverðugt að gefið sé í skyn að hér sá nánast um tilraunaverkefni að ræða. Að reisa 160 m háar vindtúrbínur með þeim gífurlega kostnaði og umhverfisáhrifum sem mun fylgja þessari framkvæmd hlýtur að teljast til varanlegra virkjunarframkvæmda, með endurnýjun í huga að líftíma loknum.

2.2. Framkvæmdaaðili

Orkusalan segist hafa að leiðarljósi að koma í veg fyrir mengun og að **“vernda umhverfið og lífríkið”**. Getur Orkusalan rökstutt hverskonar vernd er fólgin í að reisa 160 m á vindorkuver sem gengur á viðkvæman gróður og ógnar fuglalífi inn á IBA svæði.? Orkusalan telur sig reiðubúin að ganga lengra en kröfur í lögum og reglugerðum liggja til grundvallar. Í þessum efnum væri áhugavert að fá nánari útlistun á í umhverfismatskýrslu hvaða þættir það eru sem fyrirtækið er reiðubúið að ganga lengra í til að bæta fyrir skaða á umhverfi og lífríki. ?

2.3. Lýsing framkvæmdar.

Í þessum kafla sem og öðrum sem viðkemur áformum um stærð gætir ákveðnar ónákvæmni um hver hin endanlega stærð mannvirkis verður. Hér er um ákveðið grundvallaratriði að ræða þar sem það skiptir sannarlega máli hvort viðkomandi vindorkuver verður 140 m að hæð eða 160m að hæð. Leiða má líkum að því að ef 9,9 MW vindorkuvirkjanir eiga að rísa við Lagarfoss þá gera ráð fyrir að uppgefnar hæðartölur séu vanáætlaðar.

Nánari lýsingu skortir í matsáætlun á jarðstrengjum hversu áætlað er mikið jarðrask vegna þeirra, breidd skurðlagna og áætlaða efnisþörf. Um þetta verður að gera kröfur í umhverfismatskýrslu. Mikillar ónákvæmni gætir í lýsingum á efnistöku sem erfitt er að leggja mat á í umsögn þegar framkvæmdalýsing er jafn ónákvæm og raun ber vitni sbr orðrétt *“Líklega verður þetta endanleg hönnun”*

Þá gætir ónákvæmni í matsáætlun í þessum kafla sem svo aftur hefur líkast til áhrif á endanlega stærð að fyrirtækið hefur ekki enn ákveðið hvaða gerð af vindtúrbínunum verður fyrir valinu. Það hlýtur að vera umhugsunarvert á þessu stigi máls að setja fram þessa áætlun til mats umsagnaraðila, þar sem ekki er einu sinni búið að ákveða hvaða tegund af vindorkumannvirki fyrirtækið hyggst reisa. Hér er sem sagt enn einn áhrifaþátturinn sem fyrirtækið gefur sjálfu sér ótrúlegt svigrúm í framsetningu sem snúið er að bregðast við vegna óáreiðanleika í upplýsingagjöf.

Lagt er upp með í matsáætlun að orkumannvirkin verði flutt landleiðina frá Reyðarfirði að Lagarfossi. Mögulegar breytingar þarf að gera á stofnvegum svo flutningar gangi eftir. Hér skortir upplýsingar um hver ætlar að bera kostnað af þeim mögulegu breytingum sem kann að þurfa að gera á stofnvegi / þjóðvegi. Fellur sá kostnaður á fyrirtækið eða gerir fyrirtækið kröfu um að vegagerðin og ríkissjóður beri þann kostnað? Þessu efni þarf fyrirtækið að svara skýrt í umhverfismatskýrslu ásamt því verklagi sem viðhaft verður gagnvart vegagerðinni um þennan einstaka þátt málsins. Hið sama á við um Rarik vegna hugsanlegra árekstra við ljósastaura sem þarf að fjarlægja meðan á flutningum stendur – mikilvægt er að hér liggi ljóst fyrir staðfesting um hver muni bera kostnað af þessum þáttum ásamt hönnun og öðru sem til þarf að koma vegna þessara flutninga.

Í þessum kafla er komið inn á að *”líftími vindmylla sé 25 ár”*. Því má líkast til halda fram með réttu að líftími sé allt að 25 ár ef einvörðungu verið að vitna til mannvirkisins sjálfs þ.e. hið jarðfasta, stálturnsins og endurvinnslu á honum ásamt öllum íhlutum sem er mikilvægur þáttur sem fyrirtækið þarf að gera grein fyrir hvar og hvernig verði endurunnir.

Gera þarf sömuleiðis grein fyrir hversu mikið af olíu verður í túrbínunni, vélbúnaði og fl. ? Sömuleiðis er mikilvægt í ljósi reglulegra mengunarslysa frá vindtúrbínunum að gert verði grein fyrir hver viðtaki olíu verður ef slys ber að höndum en í dag virðast vindorkuframleiðendur og eða framkvæmdaðilar ekki hafa tryggt varnir og af þeim ástæðum geta mörg hundruð lítrar af olíu runnið út í nálægt vistkerfi með mjög neikvæðum afleiðingum. Gera skal fyrirtækinu skylt að upplýsa hve mikið magn af olíu verður í vindtúrbínusamstæðunni og hvernig geymslu á olúbirgðum verði háttað.

Í þessum kafla vekur einnig sérstaka athygli að fyrirtækið og skýrsluhöfundar koma ekki inn á stærsta einstaka þáttinn þegar kemur að endurvinnslu og *”sundurhlutun”*.

Líftími vindorkuspaðanna sjálfra sem er hvað stærsti hluti þessara orkumannvirkja eru

sjálfstætt endurvinnsluvandamál. Þrátt fyrir töluverðar framfarir við endurvinnslu á vindorkuspöðum þá liggur fyrir að enn eru uppi stór vandamál við endurvinnsluferlið þar sem mjög erfitt er að aðskilja og leysa upp eitraðar efnablöndur sem eru því miður í miklum mæli í hverjum spaða². Endurvinnsla er svo eitt, endurnýting er annað og ef staðreyndin er sú að endurvinnsla til endurnýtingar er ekki til staðar þá eru vindorkuver ekki hluti af hringrásarhagkerfi okkar heldur er um algjörlega ósjálfbæra starfsemi að ræða. Líftími vindorkuspaða ræðst að stóru leyti af aðstæðum ekki síst ríkjandi veðurfari á svæðinu en að jafnaði má ætla að viðhald á vindorkuspöðum sé orðið töluvert innan 5 ára og mikið innan 10 ára³. Áréttu skal að þessi þáttur er mjög breytilegur eftir veðurfari og ekki síst úrkomu hverskonar, rigningu, snjó, eða haglé, ísingu sand- eða leirfjúki o.s.frv. Í öllu falli eru mörg dæmi erlendis frá um að til hafi þurft að koma hrein útskipti á vindorkuspöðum innan 10 ára þrátt fyrir að reynt sé sífellt að hanna viðnámsþolnari spaða. Í þessum efnum er því gríðarlega mikilvægt að fyrirtækið geri grein fyrir því í umhverfismatskýrslu hvernig viðhaldi, viðgerðum á rekstartíma og endurvinnslu á vindorkuspöðum verði háttað. Hvert verða spaðarnir fluttir til endurvinnslu og hvert er endurvinnslu- og endurnýtingarhlutfallið í raun í þessum verkhluta. Það er algjört grundvallartriði að Skipulagsstofnun geri kröfur um greinargóða lýsingu fyrirtækisins á öllum þessum þáttum enda er hér um bæði um veigamikinn öryggis- og mengunarpátt að ræða sem og hluti af kolefnisspori fyrirtækisins á rekstartíma.

Hér vill Landvernd vinsamlega vísa þessum brýnu þáttum er varða starfsemina til Skipulagsstofnunar, enda verður því ekki trúnað að horft verði vindorkufyrirtækin komist fram hjá því að gera grein fyrir þessum grundvallarþáttum í umhverfismatskýrslu og ekki síst þar sem vindorkuiðnaðurinn gerir mikið úr umhverfisvænni og jafnvel vistvænni starfsemi.

Í niðurlagi þessa kafla segir og að líklega mun niðurrif vindorkuversins *“hafa á móta umhverfisáhrif og uppsetning hans”* en áhrifin vara til skemmri tíma. Hér má án vafa deila um hver langtímaáhrif verða innan þess svæðis á vistkerfi jarðar sem hefur verið rist í sundur með vegum og línunum og stæðum. Ef fyrirtækið hyggst flytja allt burðarefni úr vegum og undirstöðum vindorkumannvirkis í burtu og skila þeim jarðvegi til baka sem var þ.e. með

² [Wind Turbine Blades: An End of Life Perspective | SpringerLink](#)

³ [Materials | Free Full-Text | Sustainable End-of-Life Management of Wind Turbine Blades: Overview of Current and Coming Solutions \(mdpi.com\)](#)

eins fullkominni endurheimt og mögulegt er þá ber fyrirtækinu að lýsa þeim verkhluta í umhverfismatskýrslu og þá við hvaða stofnanir og eða aðra eftirlitsaðila verður haft samráð um verklagið – frágangur svæðis eftir virkjun.

Mynd. 2.1. og tafla 2.1.

Myndin kallar á að fyrirtækið þurfi að gera betur grein fyrir einstökum framkvæmdaþáttum sbr. lagnaleiðum og áhrifasvæðum þeirra. Í töflu 2.1. er áréttað hversu ónákvæm þessi áform eru með tilliti til stærðar, bæði hvað varðar afl í MW og hæð mannvirkja og að fyrirtækið hafi ekki enn ákveðið hvaða tegundar vindorkumannvirkin verða. Það að segja allt að 9,9 MW án þess að lýsa því með skírskotun í heimildir hvaða hæð slík mannvirki þurfa að vera til að ná því afli er mjög bagalegt m.a. vegna þess að 5 MW vindorkumannvirki geta vel náð 180 m hæð.

3. Framkvæmdasvæði og skipulagsáætlanir.

3.1. Staðsetning og staðhættir

Landvernd er kunnugt að umhverfisáhrif frá núverandi orkumannvirkjum eru umtalsverð. Þegar aftur á móti á að bera saman núverandi orkumannvirki Lagarfossvirkjun 27 MW og hvernig það liggur í landslagi og svo vindorkuver sem rís langt á annað hundruð metra í loft upp með hreyfanlegum mjög áberandi vindorkuspöðum með amk 140 m þvermál þá má hverjum ljóst vera að hér er ekki verið að bera saman á nokkurn hátt sambærileg umhverfisáhrif. Ekki ætti að þurfa að gera grein fyrir þeim mun sem fellst í lágréttum vatnsaflsvirkjunum og skýjakljúfum á borð við sístækkandi vindorkuver sem sér ekki fyrir endann á. Ásýndaráhrifin aðskilja þennan samanburð fullkomlega óháð öðrum áhrifaþáttum.

Svæðið er á náttúruminjaskrá

Gláma og nágrenni. Í þessum efnum skal minna á ógn við búsvæði í þessu verkefni er umtalsvert, ekki einvörðungu innan svæðis í nágrenni Lagarfoss heldur með vegalagningu og strenglögnum og tilheyrandi raski bæði innan og utan svæðis sem mun sömuleiðis hafa óafturkræf náttúruspjöll í för með sér. Því miður þá stríðir uppbygging vindorku á Íslandi gegn þeim viðmiðum og niðurstöðu sem COP 15 í Montreal skilaði af sér í desember síðastl. Áframhaldandi landbrot, eyðing búsvæða og bein ógn við ránfugla o.s.frv. verður að stöðva. Ljóst er að skilningur á afleiðingum áframhaldandi niðurbrots á landi og mikilvægum

búsvæðum dýra og plantna er ekki fyrir að finna í fyrirliggjandi matsáætlun. Landvernd telur sérstaklega mikilvægt að Skipulagsstofnun skoði matsáætlun þessa út frá áhrifum á líffræðilega fjölbreytni með niðurstöðu síðasta fundar aðila að samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni. Svo engum vafa sé undirorpið þá er ástæða fyrir því að svæðið er á **náttúruminjaskrá og auk þess inn á alþjóðlega mikilvægu fuglasvæði (IBA)**. Einvörðungu þessi þáttur máls sem og fram koma upplýsingar í matsáætlun sem ber að þakka fyrir að settar eru í texta um náttúruminjaskrá og vernd þá ætti fyrirtækið án frekari umhugsunar að hætta við áform þessi í stað þess að fara gegn verndinni sem fyrirtækið segir hinsvegar í hinu orðinu að sé eitt af stærstu leiðarljósum fyrirtækisins. Þetta er því miður hluti af þeim grænþvotti sem er sífellt að opinberast meira meðal fyrirtækja sem segja eitt og gera svo annað.

Stjórn Landverndar telur að áhrifin á líffræðilega fjölbreytni gætu orðið mjög neikvæð og hvetur hér Skipulagsstofnun að gera mun ríkari kröfur til matsaðferða, svæða og valkosta m.t.t. líffræðilegrar fjölbreytni.

3.2. Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir

3.2.1. Landskipulag

Hér er nauðsyn að leiðrétta hugtakanotkun ” *Framkvæmd sem eykur **vistvæna orkuöflun** á svæðinu er talin samræmast leiðarljósum skipulagsins í meginráttum. Aukinni orkuöflun á **vistvænan máta** á svæðinu er ætlað að byggja upp þekkingu á rekstri og uppbyggingu vindmylla á svæðinu.*“

Hér verður að gæta sannmælis og gera kröfu á viðkomandi orkufyrirtæki að taka ekki hugtök og smætta þau þannig að almenningur hætti að gera greinarmun á svörtu og hvítu. Það er eðli máls ekkert vistvænt hvorki við þessa vindorkuáform eða mögulega aðrar sem eiga eftir að fylgja. Landvernd vill eindregið hvetja Skipulagsstofnun til að aðstoða vindorkuiðnaðinn sem og aðra umhverfismatskylda iðnaðarstarfsemi að nota réttu hugtökin við lýsingar á þeim framkvæmdum sem áform eru um – í þessu má þar nefna hugtök eins og vistvænt – græn orka – sjálfbærni – og í tilfellum endurnýjanleg orka. Þennan endurtekna grænþvott verður að koma böndum á ef okkur á að takast að vinna gegn loftslagsvánni. Allur slíkur hugtakaruglingur er til þess fallinn að vinna gegn umhverfi og samfélagi í heild sinni.

Skipulagsstofnun er því vinsamlega hvött til að gefa fyrirtækjum skýr fyrirmæli að við framlagningu áætlana sé fyrirtækjum gert að kalla hlutina réttum nöfnum. Skipulagsstofnun ætti óháð þessu verkefni að kalla eftir að unnið verði sérstakt leiðbeiningarit um hvaða hugtök eiga við svo reynt verði að sporna við frekari grænþvotti en orðið er. Grænþvottur er eins og öllum ætti að vera kunnugt í dag orðið að sjálfstæðu vandamáli sem er sem betur fer að opinberast hægt og bítandi. Nægir þar að nefna að okkar stærstu og öflugustu fyrirtæki í orkugeiranum hafa nú þegar verið uppvís af fölsunum sem er gríðarlega alvarlegt mál fyrir ímynd okkar sem þjóðar sem ætti síst allra þjóða að stunda grænþvott í þessum iðnaðargeira⁴.

3.2.2. Svæðisskipulag

”Svæðisskipulag Austurlands var samþykkt í október 2022. Þar er ekki mikil umfjöllun um vindorku eða aðra orkunýtingu en þar er að eftirfarandi stefnu [3]:

- Orkulindir nýtist til eflingar byggðar í landshlutanum.
- Við ákvörðun um nýtingu vatns, jarðhita og vinds til orkuframleiðslu verði sjálfbærni, umhverfisvernd og landslagsgæði höfð að leiðarljósi og byggt á greiningu á orkukostum og mati á áhrifum nýtingar og orkuflutnings á umhverfi, efnahag og samfélag.
- Stuðlað verði að góðri orkunýtni.”

Hér má til sannsvegar færa að ekki er hægt að heimfæra mikið efni til að byggja á úr Svæðisskipulagi Austurlands. Á grunni málgreinar tvö gengur áformað vindorkuver augljóslega gegn sjálfbærni, umhverfisvernd og landgæðum. Varðandi síðustu málgrein í tilvitn. í Landskipulag er í matsáætlun ekki vikið að orkunýtni í þeim skilningi sem orðið ber með sér. Eðli máls nýtist hinsvegar orka til eflingar byggðar sbr. fyrstu málgrein en það er á hinn veginn hægt að efla byggðir á margan hátt án þess að til komi stóreflis orkunotkun. Sýna þarf fyrst fram á orkunýtni og orkusparnað í stað þess að tala fyrst um orkuþörf sem byggð er meira á spákaupmennsku sérhagsmunaðila í orkugeiranum. Með öðrum orðum færi betur á því að hugvitið væri virkjað meira í þágu náttúru- og loftslagsmála.

3.2.3. Aðalskipulag

⁴ [Ekkert eftirlit með sölu upprunavottorða - RÚV.is \(ruv.is\)](https://www.ruv.is)

Fyrir liggur að nýtt sveitarfélag Múlaþing hefur ekki unnið nýtt Aðalskipulag og því miður lítið aðhafst í þeim efnum frá því sveitarfélagið var stofnað. Vitnað er því í matsáætlun í aðalskipulag Fljótsdalshéraðs – Aðalskipulag sem er ekki hluti í dag af nýju sveitarfélagi sem hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir Skipulagsstofnun þar sem sveitarfélagið Fljótsdalshérað er ekki til á löggiltum pappírnum þar sem búið er að leggja það niður og fella inn í sameinað Múlaþing fjögurra sveitarfélaga á Austurlandi.

Engu að síður segir í Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs að *”sveitarfélagið vilji greiða götu þeirra sem vilja virkja í smáum stíl.”* Hér verður því vart trúað að áform um gríðarleg vindorkumannvirki á miðju úthéraði inn á miðju svæðis sem er að auki á náttúruminjasrá og IBA svæði teljist til minniháttar framkvæmda sbr. tilvitn í smávirkjun með afli allt að 9,9 MW með þeim áhrifum sem fylgja munu. Hér er ekki smærri virkjun á ferð en svo að hún mun hafa gríðarlega víðtæk áhrif á allt verndarsvæði úthéraðs og víðerni. Úthérað er langstærsta lítt snortna víðerni á láglandi sem fyrir er að finna á Austurlandi öllu. Með tilkomu hinnar svokölluðu smávirkjunar sem mun bera við himinn hvaðan sem litið er á úthéraði mun hafa óafturkræf áhrif á alla upplifun á úthéraði. Það er viðurkennd staðreynd í dag að 9,9 MW er ekki smávirkjun – sbr. kemst Skipulagsstofnun að því að við afgreiðslu áætlunar um Hnútvirkjun að umhverfismat geti ekki byggst á megawöttum heldur staðháttum hverju sinni. Einmitt í þessu tilfelli eru áhrifin svo gríðarlega víðtæk að viðkomandi virkjun ætti að hljóta umfjöllun faghópa með rammaáætlun og verkefnisstjórnar.

3.2.4. Deiliskipulag

Hér sætir furðu að unnið sé að deiliskipulag árið 2023 á grunni skipulags Fljótsdalshéraðs og það á sama tíma og ekki liggja fyrir lög eða reglur um nýtingu vindorku á Íslandi og án þess að staðreyndar rannsóknir hafi farið fram hvort þessar virkjanahugmyndir með risavindorkumannvirkjum eigi heima í íslensku landslagi eða standist veðurálag og aðra umhverfisþætti. Í svo stóru verkefni ætti að vinna og kynna aðal – og deiliskipulag í sitt hvoru lagi. Umfangið er of mikið til að blanda þessum tveimur skipulagsþáttum saman, en augljóslega hefur þrýstingur aukist verulega frá framkvæmdaaðilum að keyra saman áætlanir til að rugla almenning með það fyrir augum að hægt sé að keyra skipulagsáform hraðar í gegn.

3.3. Vernd

3.3.1. Náttúruminjaskrá

„Vindmyllurnar eru á jaðri svæðis nr. 649 á náttúruminjaskrá, Gláma og nágrenni. Svæðið er mjög stórt, alls rúmir 22 km², og er lýst á eftirfarandi hátt. ”Óframræst votlendissvæði með mörgum stöðuvötnum, fjölda tjarna og víðlendra bláa. Mikill og fjölbreyttur gróður í mýrum og vötnum og auðugt fuglalíf.“ Ní hefur jafnframt sett allt Úthérað eins og það leggur sig á B-hluta náttúruminjaskrá, alls 465 km² svæði sem nær frá Bjarnarey í norðri og langleiðina að Egilsstöðum í suðri.”

Hér þarf ekki að fara í grafgötur með náttúruverndargildi svæðisins en Náttúrufræðistofnun Íslands hefur sett allt Úthérað eins og það leggur sig og það ekki að ástæðulausu á B-hluta náttúruminjaskrár. Áformað vindorkuver við Lagarfoss sem tróna mun yfir Úthéraði nánast hvaðan sem litið er og mun hafa fullkomlega óafturkræf umhverfisspjöll í för með sér og áhrif þeirra sem fara munu um svæðið verða slík að upplifun þeirra sem fara um hvort sem er Borgarfjarðarveg og um Vatnsskarð, göngu inn í hið friðlýsta svæði og náttúruperluna Stóruð sem viðkomandi skýrsluhöfundar láta reyndar hjá líða að hefur verið friðlýst ásamt Unaósi og allt til sjávar. Sætir furðu að skýrsluhöfundar og eða framkvæmdaðilar hafi ekki meiri tilfinningu fyrir svæðinu en raun ber vitni þegar kemur að náttúru og umhverfi. Að sama skapi munu ásýndaráhrif verða mikil séð af Helligheiði milli Vopnafjarðar og Úthéraðs. Í þessum efnum skal einnig bent á ásýndarmengun séð innan frá Eiðum og jafnvel mun lengra þegar veðurlagi háttar með þeim hætti.

3.3.2. Fuglalíf

Eins og fram kemur í texta er Úthérað allt kjörlendi fyrir mjög margar fuglategundir verulegur hluti framkvæmdasvæðis er innan alþjóðlegs mikilvægs búsvæðis og farleiða fugla (IBA svæði.) Farleiðir margra fuglategunda liggja einmitt upp og niður með árfarvegum litlum og stórum. Í þessum efnum þegar kemur að IBA svæði sem að auki er á náttúruminjaskrá m.a. vegna fuglalífs – þá er fráleitt með öllu að vitna til rannsókna sem gerðar hafa verið á vindorkutúrbínunum við Búrfell, sem eru í raun vindrellur í samanburði við þær áformuðu stærðir sem áform eru uppi um við Lagarfoss.

Samanburðurinn er svo fráleitur milli þessara svæða hvað varðar stærðir og síðast en ekki síst hvað varðar fuglalíf að það má teljast ámælisvert að vitnað sé til fuglarannsókna við

Búrfellsvindvirkjun sem er í spaðahæð mest 77 m að hæð. sem er meira en helmingi minni að hæð en áformað vindorkuver við Lagarfoss.

Þær tegundir sem fljúga mjög reglubundið með árfarvegi Lagarfljóts og um Lagarfoss þar af leiðandi eru m.a. viðkvæmar tegundir eins og lómar, skúmar eru einnig á þessu svæði og síðast en ekki síst og áberandi mest farflug og umferð grágæsa og heiðagæsa. Grágæsin hefur einmitt átt undir högg að sækja en stofn heiðagæsar hefur verið að ná sér meira á strik og vekur einmitt athygli að sá stofn hefur fært sig í stórauðnum mæli niður á láglandi sem eykur að sjálfsögðu til muna árekstarhættu við vindorkuspaðana áformuðu. Þá er álfstömuleiðis mjög áberandi fugl á þessari farleið sem vindorku er ætlaður staður. Margar andartegundir fara einnig um þetta svæði enda halda endur sig í nálægð við ár og vötn og þá helst vatnasvið eins og er einmitt að finna í nálægð vindorkuversins. Þá ber að hafa í huga að þarna fara um ránfuglar sem eru í sérstakri hættu við vindorkuver sbr. fálki, smyrill og hrafn og svo hefur sýnt sig að rjúpan hefur í töluverðum mæli flogið á bæði spaða og einnig turna og drepist meðal annars í Noregi⁵. Aðrar tegundir mófugla og vaðfugla eru sömuleiðis í hættu í landslagi og gróðurlendi eins og einkennir nágrenni Lagarfoss. En fjölbreytni gróðurs er mjög mikil á svæðinu sem fram kemur m.a. í matsáætlun og þar er einmitt ætlun að brjóta land þvert á áskoranir um verndun líffræðilegs fjölbreytileika. Augljóslega stuðlar áformuð framkvæmd því ekki að vernd, sjálfbærni eða líffræðilegs fjölbreytileika eins og fyrirtækið skreytir sig með í leiðarljósi sínu heldur hefur þveröfug áhrif vegna mjög ágengrar iðnaðarstarfsemi sem fer ekki saman við vistkerfi svæðisins í heild sinni. Landvernd áréttar hér að fyrirtækið færi rök fyrir því í umhverfismatskýrslu hvernig það hyggist með framkvæmdinni tryggja eða stuðla að því að hún hafi eitthvað til að bera sem samræmist ríkum verndarhagsmunum á þessu svæði.

3.5 Leyfi sem framkvæmdin er háð

Hér þarf fyrirtækið að tilgreina með nákvæmum hætti hvernig samskiptum verður háttað við viðkomandi stofnanir sem í hlut eiga, ásamt því hver beri kostnaðinn af mögulegum framkvæmdum sem til þurfa að koma meðal annars vegna flutninga á orkumannvirkjum frá Reyðarfirði að Lagarfossi.

⁵ [omslagside \(nina.no\)](http://omslagside.nina.no)

3.6. Valkostir

Hér vill Landvernd áréttta hversu mikillar ónákvæmni gætir í áætlunum fyrirtækisins þannig að erfitt er að lesa út hver hin endanlega niðurstaða verður. Gera verður ráð fyrir að Skipulagsstofnun árétti það við fyrirtækið ef umhverfismatskýrsla verður lögð fram að nákvæmni sé gætt um allar stærðir, tegund vindorkuvirkjunar o,s,frv, sem áður hefur verið getið hér.

3.6.1. Aðrir vindmyllukostir

Enn og aftur neyðist Landvernd til að benda hér á grænþveginn texta er varðar smættaða lýsingu á iðnaðaruppbyggingu á mjög stórum skala. Svo það sé á hreinu í eitt skipti fyrir öll þá getur áformað iðnaðarvindorkuver við Lagarfoss ekki borið nafnið **“VINDLUNDUR”** þar sem fátt er í raun fjarstæðukenndara en að reyna að skapa hugrenningatengsl risamannvirkja á borð við sem hér um ræðir við lundi sem gjarnan eru kenndir við vinalega skógarlundi. Hér er enn og aftur sígillt dæmi um algjört rof mannsins við náttúruna – að búa til samlíkingar grófiðnaðaráforma við það sem móðir jörð gefur af sér er grænþvottur af versta tagi og það verður því að áréttta að framkvæmdaaðilum sé leiðbeint um hugtakanotkun. Það er eitt að reyna að leggja sig fram í áætlunum um að lágmarka umhverfisspjöll samhliða framkvæmdum allt annað er að gefa það beinlínis í skyn að viðkomandi framkvæmdir séu unnar af hugsjónum í þágu náttúrunnar.

3.6.2. Núllkostur

Þessi kostur er eina færa leiðin til að forða viðkomandi framkvæmdasvæði ásamt öllu Úthéraði frá gríðarlega neikvæðum umhverfisáhrifum.

4. Mat á umhverfisáhrifum

4.3. Afmörkun athugunarsvæðis vegna áhrifa framkvæmdar.

Fyrir liggur í þessum kafla viðurkenning á eyðingu viðkvæms og fágæts gróðurs og að búsvæði fugla muni raskast. Hér þarf ekki frekar vitnana við.

4.4. Umhverfisþættir

4.4.1. Almennt

Í upptalningu vantar nokkra grundvallarþætti sem Skipulagsstofnun verður að gera ríka kröfu til nema að vindorkuiðnaðurinn eigi að sleppa við á grunni grænna yfirlýsinga að gera grein fyrir áætlaðri losun CO₂ og þá allrar keðjunnar frá framleiðsluhluta erlendis, flutningar yfir hafið og að meðtöldum og ekki síst framkvæmdum á iðnaðarlóð við Lagarfoss, efnistöku allri og efnisflutninga bæði innan lóðar og utan einnig vegna strenglagna utan iðnaðarlóðar, sem og losun vegna breyttrar landnotkunar.

Landvernd leggur því ríka áherslu á að einn af umhverfisþáttum verði sérstakur liður

- **Heildstæð CO₂ losun** vegna verkefnisins

Að sama skapi verður að gera þá lágmarkskröfu við þessa meintu vistvænu starfsemi að aðrir mengunarþættir verði teknir með umhverfisþáttum sem framkvæmdaðili hyggst fjalla sérstaklega um í umhverfismatskýrslu sbr.

- **Áætluð áhrif mengunar** – örplastmengun - PFAS – BPA – viðbrögð við olíumengun
- **Þá vantar inn á lista að meta áhrif á samfélag og ekki síst nærsamfélag á Úthéraði.**
- **Áhrif frá ljósakösturum** er einnig sérstaklega mikilvægt að taka með inn sem stóran umhverfisþátt. Ljósmengun frá vindorkuverum er þekkt vandamál erlendis og hvað þá hér á landi þar sem norðurljósinn loga oft glatt og sólsetur er hluti af upplifun þeirra sem ferðast um Úthérað og þekkja best til. Ekki verður látið hér hjá líða að gagnrýna sem fram kemur í matsáætlun að

4.4.3.2. Gögn og rannsóknir

Landvernd hefur hér að ofan gert grein fyrir mörgum þáttum sem varðar einstaka þætti er snerta verkefnið.

Þó skal undir þessum kafla gagnrýna sérstaklega að fuglarannsóknnum eigi aðeins að gefa 1 ár. Til að raunhæfur samanburður fáiast þarf að lágmarki 2 ár til að rannsaka fuglalíf, ekki síst með tilliti til þess að hér er um IBA svæði að ræða og svæði á náttúruminjaskrá. Umferð fugla getur verið breytingum háð m.a. eftir veðurfari sem getur verið mjög breytilegt eftir árum og á rannsóknartíma.

4.4.4. Landslag og ásýnd

Áður hefur verið komið inn á þessa þætti að hluta en orðrétt kemur fram undir þessum lið

“óhjákvæmilegt að ásýnd þeirra sé nokkur.” Ásýndarkort sem fylgir matsáætlun tekur hinsvegar af allan vafa að hér er ekki bara um að ræða að ásýndaráhrif séu nokkur.

Ásýndaráhrif eru einmitt mjög mikil, reyndar svo mikil að enga hliðstæðu er að finna á láglandisvíðerni eins og á Úthéraði sem er jafn viðkvæmt og jafn mikl ásýndaráhrif bæði útsýni bæði af láglandi Úthéraðs sem og af fjallgördunum tveimur Vatnsskarði og Hellisheiði. Hér er því langt í frá raunsönn lýsing á áhrifum.

Furðu sætir hversu lítið er gert úr ásýnd af Borgarfjarðarvegi – mest vitnað til Kjarvalshvamms þaðan sem vindorkuver eða spaðar eru ekki sýnilegir – minna gert hinsvegar úr þeim svæðum á Borgarfjarðarvegi sem ásýndarkort staðfestir að munu verða fyrir miklum áhrifum. Í þessu efni ættu skýrsluhöfundar og fyrirtæki að taka sérstaklega til skoðunar áhrif á upplifun heimamanna og ferðamanna til Borgarfjarðar en sem vitað er þá er ferðaþjónusta og gönguferðir og ferðamennska orðin langstærsta einstaka atvinnugreinin á Borgarfirði. Má þar nefna einnig gífurlega vinsæla gönguleið inn í náttúruperluna Stóruð sem er friðlýst og mörg þúsund manns heimsækja á ári hverju. Frá Vatnsskarði sem að gönguleið liggur að Stóruð munu ferðamenn horfa lengst af leið yfir Úthérað og þá munu vindorkumannvirkin taka mikið upplifunargildi frá þeim þar sem áður var ósnortið víðerni án stórra aðskotahluta sbr. áformað vindorkuver.

4.4.4.1. Matspurningar

Mikilvægt er vegna gríðarlegs inngríps í Úthérað að ásýndarmyndir verði gerðar þegar heiðskýrt er og ekki þegar snjór liggur yfir. Mikilvægt er að trúverðugar ásýndar myndir verði birtar frá öllum helstu sjónarhornum – sbr. Vatnsskarði – á leið inn að Stóruð – innan frá Eiðum og einnig Hellisheiði sem býr við svipaða stöðu og Vatnsskarð, einnig af Úthéraði og inn héraðið eins og ásýndarkortið segir til um. Þá er mjög mikilvægt að birtar verði ásýndarmyndir frá öllum lögbýlum og sumarbústaðasvæðum á úthéraði. Ljóst er að tiltekin býli og bústaðir standast ekki fjarlægðarviðmið. Ekra og Kirkjubær eru töluvert langt innan þess svæðis sem hægt er að bjóða fólki upp á sbr. ásýndarmengun, hljóðvist yfir mörkum og skuggaflökt auk blikkandi ljósa. Af því að það er tekið fram í matsáætlun má spyrja hvort öðru gildi um litla sumarbústaði eða stóra ? er réttur fólks ekki sá sami í smærri bústöðum ?

4.4.7.2. Fornleifar

Mikilvægt er að menningarminjar séu órjúfanlegur hluti af umhverfismatskýrslu ekki síst

Þegar forleifar á annað borð hafa fundist innan svæða. Skipulagsstofnun er því hvött til að gera þá sjálfsögðu kröfu að forleifar verði hluti af umhverfismatskýrslu.

5.1. Forsamráðsfundur

Hér má spyrja hvort sé til of mikils mælst að bjóða Náttúruverndarsamtökum í þessu tilfelli NAUST til slíks samráðs þó sýnt sé að það sé afstaðið í þessu tilfelli. Í þessu tilfelli hefði mátt telja að í ljósi verndar á Úthéraði og eðli verkefnisins væri eðlilegt að eiga samtali við Náttúruverndarsamtök á svæðinu.

Lokaorð

Þrátt fyrir litla stærð í samanburði við önnur áform, fyrirhugaðs vindorkuvers við Lagarfoss bendir allt til að umhverfisáhrif af því verði veruleg. Svæðið er á náttúruminjaskrá, á alþjóðlega mikilvægu fuglasvæði auk þess sem fjölbreytni gróðurs og víðsýni er mikil. Það er því áriðandi að Skipulagsstofnun setji fram skýrar kröfur á framkvæmdaaðila varðandi matskýrslu þannig að allir mögulegir áhrifaþættir verði rannsakaðir á faglegan hátt. Stjórn Landverndar leggst alfarið gegn þessum áformum.

Með vinsemd og virðingu, fh. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir
framkvæmdastjóri

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Umsögn um matsáætlun vegna vindmylla við Lagarfoss

Þann 14. apríl sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn HAUST við matsáætlun vegna tveggja vindmylla sem fyrirhugað er að reisa við Lagarfoss. Til umsagnar var matsáætlun unnin af Eflu verkfræðistofu dags 13.4.2023. Umsögn HAUST er gerð m.t.t. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum sem á þeim byggja.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands vill koma eftirfarandi á framfæri vegna matsáætluninnar.

Fram kemur í matsáætlun að útbúið verði hljóðlíkan og hljóðkort sem að sýnir áhrifasvæði hávaða frá vindmyllum, hljóðstig í mismunandi fjarlægð og mannvirki sem eru innan áhrifasvæðis. Lagt verður mat á það hvort að hávaði frá vindmyllum verði innan marka.

Í matsáætlun kemur fram að vindmyllur yfir 100 m háar og hærri skulu merktar með litmerkingu og hindranaljósum. Einnig segir að hver merkingarskyld vindmylla skuli hafa tvö hindranaljós staðsett efst á vélag húsi. Minnst er á, í matsáætlun að hámannvirki séu ekki óþekkt á svæðinu og er þar verið að vísa til langbylgjumasturs á Eiðum. Vert er að gera grein fyrir áhrifum ljósa enda ollu ljós á nefndu Eiðamastri íbúum töluverðu ónæði.

Umræða um örplast mengun af völdum vindmylla hefur verið hávær í samfélaginu undanfarin misseri. Í matsáætlun er hvergi minnst á það hvort gera megi ráð fyrir því að slík mengun stafi af vindmyllunum. Að mati HAUST þarf að gera grein fyrir og meta áhrif af mögulegri mengun vegna örplasts og annarra efna sem kunni að berast frá vindmyllum út í umhverfið.

Starfsemi virkjana og orkuveitu er starfsleyfisskyld hjá Heilbrigðiseftirlit Austurlands samkvæmt 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, samanber X. viðauka, liði 9.1.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands veitir einnig starfsleyfi fyrir m.a. efnisnámi, steypustöð og verktakaaðstöðu skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Starfsmannabúðir eru starfsleyfisskyldar samkvæmt reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

Gera þarf grein fyrir fyrirhugaðri staðsetningu á tímabundinni aðstöðu á framkvæmdatíma s.s. aðstöðu verktaka, steypustöð, starfsmannabúðum o.s.frv., ef við á.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands telur að öðru leyti að tillagan geri nægjanlega grein fyrir því hvernig framkvæmdaaðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands gerir ekki aðrar athugasemdir við matsáætlunina eins og hún er framsett en gerir ráð fyrir að geta komið á framfæri athugasemdum, ábendingum og leiðbeiningum á síðari stigum.

Virðingafyllst



Lára Guðmundsdóttir,
Framkvæmdastjóri HAUST

Skipulagsstonun
Borgartúni 7b 105
Reykjavík

Sent í t-pósti á: skipulag@skipulag.is

Egilsstöðum 14.05.2023

Efni: Umsögn um: *Tvær vindmyllur við Lagarfoss Matsáætlun 13.4.2023*

Um nafn plaggsins

Nafnið „*Tvær vindmyllur við Lagarfoss Matsáætlun*“ finnst mér óeðlilegt og villandi af tveimur ástæðum. Annars vegar þar sem hæð umræddra mannvirkja er slík að rétt er að tala um vindorkuver. Orðið *vindmyllur* er beinlínis til þess fallið að skapa hugræna mynd af mannvirkjunum sem er minni en þau raunverulega verða ef af þessu verður og því tel ég mikilvægt að áréttta að þetta orð er endurtekið notað í matsáætlun þessari. Hins vegar með vísan í 1.1.1. á bls. 8 um matsskyldu framkvæmdar. Þar er vísað til laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og m.a. segir eftirfarandi „*Framkvæmdin fellur undir tl. 3.16 í fyrrnefndum lögum þar sem um er að ræða vindorkuver sem er meira en 1 MW af uppsettu afli og minna en 10 MW*“. Af þessu leiðir að fyrrnefnd lög tala um vindorkuver þegar orkuframleiðslan fer yfir 1 MW og áætlað vindorkuver við Lagarfoss er í efstu mörkum framangreinds viðmiðs þ.e. með uppsett afl sem gæti orðið allt að 9,9 MW.

1 INNGANGUR

Hér er m.a. sagt „*Undanfarin misseri hefur Orkusalan kannað möguleikann á uppbyggingu vindorku innan Fljótsdalshéraðs. Svæði hafa verið skoðuð og kortlögð með tilliti til margra ólíkra áhrifapátta....*“

Framangreind tilvitnun er eftir því sem ég best getið metið ekki skýrð nánar eða studd neinum framlögðum gögnum og ég tel verða að gera kröfu til þess að Orkusalan bæti úr þar úr s.s. um hvaða svæði skoðuð hafa verið, hverjir eru umræddir áhrifapættir sem voru skoðaðir og hvort þar var stuðst við einhver viðurkennd gögn og þá hver þau voru.

2.1 Tilgangur og markmið

Hér segir um markmiðið með framkvæmdinni að það sé „*.....að öðlast reynslu og byggja upp þekkingu á rekstri vindmylla innan Orkusölunnar.....*“ Líkt og ég sagði um nafn plaggsins hér ofar þá er þessi framsetning a.m.k. villandi (orðið *vindmyllur*) ef ekki hreint út sagt ótrúveðug, þar sem gefið er í skin að um tilraunastarfsemi sé að ræða. Það síðastnefnda er í ósamræmi við umfang framkvæmdarinnar, tvö allt að 160 m há mannvirki og sá mikli fjárhagslegi kostnaður sem því fylgir að ekki sé talað um óhjákvæmilegt rask á náttúru.

2.2 Framkvæmdaaði

Hér staldra ég við tvær ansi stórar fullyrðingar. Annars vegar „*Orkusalan hefur það að leiðarljósi að koma í veg fyrir mengun og vernda umhverfið og lífríkið við rekstur fyrirtækisins*“ og hins vegar „*Orkuslan fylgir lögum og reglugerðum í umhverfismálum og gengur lengra þegar það á við*“. Mikilvægt er fyrir umsagnaraðila að geta lagt mat á þau stóru orð sem ég vitna hér til. Til að geta lagt á þetta frekara mat en að þetta séu tvær ansi stórar fullyrðingar þá þarf frekari gögn.

Gera verður kröfu um slíkt og þá helst að Orkuslan skýri;

- hvernig hún hyggst helst vernda umhverfið og lífríkið?
- á hvaða sviðum hún er tilbúin að ganga lengra en lög og reglugerðir?
- hvenær það helst á við að ganga lengra en lög og reglugerðir kalla eftir og hver á að meta það?

2.3 Lýsing framkvæmdar

Hér staldra ég við það að ekki er gefin upp nákvæm hæð umræddra mannvirkja sem er til þess fallið að skapa óvissu og jafnvel tortryggni í hugum umsagnaraðila. Undir það síðastnefnda ýtir orðalagið: „*Spaðar vindmyllu er þrír og heildarþvermál spaða allt að 140 m, háð því hvort einhverjar breytingar verði gerðar á búnaði frá því skipulag er samþykkt, tilskyld leyfi fást og þar til framkvæmd fer af stað*“ og vekur beinlínis spurninguna um hvort hér sé verið að undirbúa jarðveginn fyrir hærri mannvirki en gefið er í skin. Hér skal og nefnt að aftar í þessum sama kafla er að mínu mati gefið í skin að endanlegt val á vindmyllum sé m.a. háð hraðri þróun í framleiðslu þeirra þessi misserin og því virðist haldið opnu að myllurnar geti þyngst eða lést sem þá mögulega er afleiðing af meiri/minni stærð þeirra.

Óvissu gætir víðar s.s. um að undirstöður verði líklegast beint á klöpp og og því lítið sem ekkert efni sem fer í fyllingu tengda undirstöðum. Víðar gætir óvissu um efnistöku.

Talað er um að efni í mannvirkjagerðina verði líklegast flutt landleiðina frá Reyðarfirði. Höfnin þar er sögð vel í stakk búin og byggt á reynslu frá því Kárahnjúkatengd verkefni voru unnin. Það síðastnefnda er einnig nefnt varðandi flutninginn landleiðina og að ætla megi að stærðargráða þeirra flutninga verði lík því sem var í Kárahnjúkatengdum flutningum sömu leið. Hér vil ég áréttta áður nefnda óvissu eða ónákvæmni í endanlegri stærð mannvirkjanna. Talað er um að mögulega þurfi að taka niður ljósastaura, þjappa mól utan í vegkanta, sem hljómar fremur smálegt en ekki talað um þann möguleika að styrkja þurfi vegi umtalsvert eða byggja nýja vegi. Ekki er heldur talað neitt um hvort Orkusalan greiði allan kostnað stóran sem smáan við litlar eða miklar breytingar sem mögulega þarf að gera. Orðalagið „*Allar aðgerðir sem ráðast þarf í verða unnar í samráði við Vegagerðina*“ tekur á engan hátt á kostnaðarhlið málsins.

Umfjöllun um það sem gerist við lok líftíma mannvirkjanna er mjög fátækleg, aðeins þrjár málsgreinar og tæplega fimm línur og í rauninni mjög óvönduð. Talað er um niðurrif og endurvinnslu en förgun, sem samkvæmt mínum skilningi hefur fram undir þetta verið umtalsverð, er ekki nefnd á nafn. Ekkert er talað um mögulega glussavökva eða olíur sem mé rhefur skilist að tilheyri þesum mannvirkjum og sé þar í umtalsveðru magni. Umfjöllunin um umhverfisáhrif tengd áhrif tengd niðurrifi er ein málsgrein og sú ansi rír. Gerða verður þá kröfu að lögð verði fram mun nákvæmari lýsing á öllu tengdu niðurrifi mannvirkja sem og hvernig

tryggt verður að eigendur, sem mögulega verða þá ekki hinir sömu og við upphaf, muni standa straum af öllum kostnaði tengt niðurrifinu.

3.1 Staðsetning og staðhættir

Við lestur þessa hluta matsáætlunarinnar fæ ég ekki séð að þeir sem ókunnugir eru staðháttum geti með nokkru móti áttað sig á að vettvangur áætlaðrar framkvæmdar er nærri miðju eins allra stærsta undirlendis á Íslandi, ef frá er talið undirlendi Suðurlands. Á undirlendi Fljótsdalshéraðs er mikið gróið land, votlendi og fjölbreytt fuglalíf (allt þetta nefnt í matsáætlunni), og um leið er þar blómlegur landbúnaður, mikil og vaxandi ferðapjónusta, sumarbústaðir og fjölbreytt útivistartengd nýting umhverfisgæða.

Í þessum kafla segir snemma „*Svæðinu hefur að miklu leyti þegar verið raskað á síðustu áratugum vegna virkjanaframkvæmda við Lagarfossvirkjun og setj áymis orkutengd mannvirki, t.d. stífla, aðveituskurður og stöðvarhús, mikinn svip á umhverfið*“. Á sama tíma og þessu verður ekki mótmælt, þá finnst mér þetta orðalag villandi og beinlínis til þess fallið að skapa hugræna mynd af svo mikið röskuðu landi, að það réttlæti þá röskun sem fylgir áætlaðri framkvæmd. Það rask sem til kemur með áætlaðri framkvæmd að mjög stórum hluta (sennilega lang stærstum hluta) í eðli sínu mjög ólíkt því raski sem þar er fyrir. Að reisa umrædd mannvirki bætir við einhverju jarðraski sem vonandi verður þó tiltölulega lítið eins og reiknað er með samkvæmt matsáætluninni, þó óvissa sé um ýmsilegt s.s. efnistöku eins og fyrr er nefnt. Hins vegar fylgir Að reisa tvo turna í mestu hæð allt að 160 m háa bætir hins vegar við algjörlega nýrri tegund af raski á umræddu svæði. Þetta nýja rask er óhjákvæmilegur fylgifyrirkur umræddra mannvirkja og reksturs þeirra og má skipta upp í a.m.k. þrjá sjálfstæða flokka rasks í umhverfi og lífríki; áflog fugla, sjónræn áhrif og spillingu hljóðvistar. Auk þess eru olíuleki og eldsvoðar þekkt í tengslum við rekstur vindorkuvera. Óhjákvæmilega munu ásýnd og upplifun fólks af áðurnefndu stóru undirlendi breytast mikið. Án þess að fullyrða um það á hvern hátt upplifun fólks mun breytast, þá má nefna það að einmitt á þessu sama undirlendi nærri Eiðum var árum saman hávært kall eftir því að fella útvarpsmastur vegna sjónrænna áhrifa. Þeirri baráttu lauk með því að mastrið var fellt fyrir örfáum mánuðum.

Í þessum kafla segir m.a.:

„Svæðið er á jaðri svæðis nr. 649 á náttúruminjaskrá, Gláma og nágrenni. Náttúruverndarsvæðinu er lýst sem óframræstu votlendissvæði með mörgum stöðuvötnum, fjölda tjarna og víðlendra bláa. Miklum og fjölbreyttum gróðri í mýrum og vötum og auðugt fuglalíf. Úthérað (VOT-A-3) er svæði sem nær frá Héraðsflóa milli Landsendafjalls og Grjótfjalls um Héraðssanda og inn um Jökulsárhlíð, Hróarstungu, Hjaltastaðapinghá og Eiðapinghá. Svæðið er á IBA-skrá og er ysti hluti Úthéraðs á náttúruminjaskrá. Svæðið er talið mikilvægt fuglasvæði en auk þess er gróður fjölbreyttur og fjöldi tjarna og stöðuvatna á svæðinu.“

Ofangreind tilvitnun þar sem m.a. segir að svæðið er á náttúruminjaskrá og á alþjóðlega mikilvægu fuglasvæði, undirstrikar hve brýnt er að skipulagsyfirlönd og alveg sérstaklega Skipulagsstofnun skoði matsáætlunina með hliðsjón af þessu. Það er í senn skylt vegna náttúru umrædds svæðis og líka vegna samnings Ameinuðu þjóðanna um líffræðilegan fjölbreytileika.

Augljóst er, þó ekki sé nema vegna þess að svæðið er mikilvægt fulgasvæði, að umrædd mannvirki og rekstur þeirra eru bein ógn við það síðastnefnda, líffræðilegan fjölbreytileika.

3.2.1 Landsskipulag

Hér segir:

„Leiðarljós landsskipulagsstefnu eru eftirfarandi:

- *Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.*
- *Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.*
- *Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.*
- *Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta“*

Ekki verður séð að áform um vindorkuver við Lagarfoss stuðli að sjálfbærri þróun. Þegar í matsáætluninni segir;

„Aukinni orkuöflun á vistvænan máta á svæðinu er ætlað að byggja upp þekkingu á rekstri og uppbyggingu vindmylla á svæðinu“, Þá er rétt að minna á það að Orkuslan hefur ekki haldið því fram að rekstur umræddra mannvirkja muni skila varanlegum störfum á svæðinu, en mögulega treysta núverandi störf í sessi. Þegar svo segir eftirfarandi í matsáætluninni;

„Með aukinni orku er lagður grundvöllur að möguleikum svæðisins í orkuskiptum, bæði fyrir heimili, fyrirtæki og samgöngur.“ Þá er rétt að nefna að á segja má að Austurand leggi til hina risastóru Kárahnjúkavirkjun svo síðasta tilvitnun er í raun barnalega og hlæileg. Að þessu sögðu verður ekki séð að umrædd virkjanaáfram sem skila eiga 9,9 MW stuðli að lífsgæðum fólks hvorki á svæðinu né á landsvísu. Rétt er að lokum að árétta hve lítið afl fæst úr orkuverinu miðað við það að virðist mikla rask sem fylgir vindorkumannvirkjum (sjónrænt, hljóðrænt, áflog fulga o.fl.).

3.2.2 Svæðisskipulag

Vísað er til Svæðisskipulags Austurlands frá okt. 2022 og um það segir ekki sé mikil umfjöllun um vindorku og eða aðra orkunýtingu. Vissulega er það rétt að umfjöllunin í svæðisskipulaginu er ekki mikil að vöxtum. Þetta fyrsta svæðisskipulag sem samþykkt hefur verið á Íslandi verðskuldar engu að síður að áætluð framkvæmd verði vegin og metin miðað við það sem þar segir, sem er m.a. eftirfarandi;

„ - Orkulindir nýtist til eflingar byggðar í landshlutanum.

- Við ákvörðun um nýtingu vatns, jarðhita og vinds til orkuframleiðslu verði sjálfbærni, umhverfisvernd og landslagsgæði höfð að leiðarljósi og byggt á greiningu á orkukostum og mati á áhrifum nýtingar og orkuflutnings á umhverfi, efnahag og samfélag.

- Stuðlað verði að góðri orkunýtni“

Með vísan í ofangreinda tilvitnun í svæðisskipulagið, þá vitna ég í umsögn mína um Landsskipulagið hér að ofan. Því ítreka ég það sem þar segir um hvað Orkuslan sjálf hefur sagt varðandi störf tengt rekstri vindorkuvers við Lagarfoss. Af því verður engan veginn séð að þessi áform standi undir því að leiða til „*eflingar byggðar í landshlutanum*“ sem segir skýrt í svæðisskipulaginu. Því síður verður séð að áætlað vindorkuver við Lagarfoss standist þau viðmið sem eftirfarandi tilvitnun í Svæðisskipulagið kveður á um „*Við ákvörðun um nýtingu vatns, jarðhita og vinds til*

orkuframleiðslu verði sjálfbærni, umhverfisvernd og landslagsgæði höfð að leiðarljósi og byggt á greiningu á orkukostum og mati á áhrifum nýtingar og orkuflutnings á umhverfi, efnahag og samfélag“. Hér er vísað til þess óumflýjanlega rasks í umhverfi og lífríki sem fylgir umræddum mannvirkjum og veldur áflog fugla, sjónrænum áhrifum og spillingu hljóðvistar. Að áform um vindorkuver við Lagarfoss samræmist því að nýta náttúrulega uppsprettu á orku (vatn, jarðhita, vind) þannig að þá „verði sjálfbærni, umhverfisvernd og landslagsgæði höfð að leiðarljósi“ sýnist engan vegin standast. Þá sýnisit fráleitt hvernig tvö allt að 160 m há mannvirki við Lagarfoss sem framleiða > 10 MW og með óumflýjanlegu og umtalsverðu raski á umhverfi hins stórkostlega undirlendis Fljótsdalshéraðs fái „*Stuðlað verði að góðri orkunýtni“.*

3.2.3 Aðalskipulag

Ekki er til aðalskipulag sem unnið hefur verið fyrir hið unga sveitarfélag Múlaþing. Í matsáætluninni er gengið út frá aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs, sveitarfélags sem ekki er lengur til. Þetta er skipulagslegur ómöguleiki og kallar á viðbrögð af hálfu Skipulagsstofnunar, sér í lagi þar sem lítið sem ekkert hefur gerst í átt að gerð aðalskipulags fyrir Múlaþing. Hér skal það upp rifjað sem áður sagði að vettvangur áætlaðrar framkvæmdar er nærri miðju eins allra stærsta undirlendis á Íslandi, ef frá er talið undirlendi Suðurlands. Án þess að fyrir liggi aðalskipulag fyrir sveitarfélagið Múlaþing sem til varð árið 2020 sýnist það óábyrgt með öllu að reisa allt að 160 m háu mannvirki í þeim tilgangi að framleiða < 10 MW með óumflýjanlegu raski sem áður hefur verið gerð grein fyrir og hafandi þær upplýsingar frá Orkusölnunni að trúlega skapi rekstur mannvirkjanna ekki ný störf á svæðinu. Það rask sem fylgir mannvirkjunum og rekstri þeirra verður að telja líklegt til þess að skaða fuglalíf en líka upplifun íbúa og ferðamanna á stóru svæði í kring um vindorkuverið. Ennfremur að trufla atvinnu- og tómstundastarfsemi, s.s. landbúnað, ferðaþjónustu og útivist sem byggja allt sitt á náttúru og lífríki svæðisins. Í þessum kafla matsáætlunarinnar er talað um endurnýtanlega orku og orkunýtni án þess á nokkurn hátt að færa rök fyrir því að umrædd framkvæmd stuðli að slíkum grundvallarþáttum að baki sjálfbærni.

3.2.4 Deiliskipulag

Undir þessum kafla í matsáætluninni segir einungis þetta:

„Í gildi er deiliskipulag fyrir Lagarfossvirkjun sem samþykkt var í júní 2005. Deiliskipulagið gildir fyrir Lagarfossvirkjun og svæðið þar í kring, sem skilgreint er sem iðnaðarsvæði. Unnið er að breytingu á deiliskipulaginu þar sem gert verður ráð fyrir vindmyllunum tveim.“

Ég leyfi mér að staldra við það sem að ofan segir að deiliskipulagið á umræddu svæði sé „skilgreint er sem iðnaðarsvæði. Unnið er að breytingu á deiliskipulaginu þar sem gert verður ráð fyrir vindmyllunum tveim.“

Það er ekki algengt að á svæði sem skilgreint er sem iðnaðarsvæði séu mannvirki allt að 160 m há og þar að auki á hreyfingu. Að Múlaþing hafi ljáð máls á því að unnið sé að breytingum í þá átt að gert sé ráð fyrir vindorkuverinu er einkennilegt m.t.t. til staðsetningar framkvæmdarinnar nærri miðju undirlendi Fljótsdalshéraðs með óhjákvæðilegu raski sem fylgir.

3.3 Vernd

3.3.1. Náttúruminjasrá

Hér segir;

„Vindmyllurnar eru á jaðri svæðis nr. 649 á náttúruminjasrá, Gláma og nágrenni. Svæðið er mjög stórt, alls rúmir 22 km², og er lýst á eftirfarandi hátt [3]: „Óframræst votlendissvæði með mörgum stöðuvötnum, fjölda tjarna og víðlendra bláa. Mikill og fjölbreyttur gróður í mýrum og vötnum og auðugt fuglalíf.“ Ní hefur jafnframt sett allt Úthérað eins og það leggur sig á B-hluta náttúruminjasrá, alls 465 km² svæði sem nær frá Bjarnarey í norðri og langleiðina að Egilsstöðum í suðri.“

Þessi tilvitnun eins og sér ætti að mér finnst að nægja til þess að ekki kæmi til álita að heimila umrædd orkumannvirki á svæðinu. Af tilvitnuninni má augljóst vera að frá sjónarhóli umhverfisnáttúru og lífríkis er um einstakt svæði að ræða. Það ásamt með því að ekki er til aðalskipulag fyrir Múlaþing, ekki er til nein samþykkt heildarsýn um það hvort og þá hvar á íslensku landi á að heimila vindorkuver og að sú orka sem umrædd mannvirki eiga að skila er < 10 MW þá er allt of miklu fórnað með því að heimila umrædda framkvæmd.

3.3.2. Mikilvæg fuglasvæði

Þessi kafli í matsáætluninni undirstrikar þau gríðarlegu umhverfis- og náttúrufræðilegu verðmæti sem til staðar eru á svæðinu. Eftirfarandi tvær tilvitnanir í innihaldsríkan nánari texta eru mjög lýsandi. Fyrst þegar segir „Úthérað, alls 406 km², er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði“ og síðan „Fuglalíf er mikið og fjölbreytt á Úthéraði og þær tegundir varpfugla sem ná alþjóðlegum verndarviðmiðum eru lómur (220 pör), flórgoði (38 pör), grágæs (1.600 pör) og kjói (1.300 pör). Hið sama á við um grágæs á fjaðrafellitíma (7.700 fuglar) og fartíma (7.517 fuglar).“

Vegum og mælum þetta með mælistikum heimsmarkmiðanna og þeim mælikvarða þeirra sem heitir líf á landi. Þá fer ekki á milli mála hve miklu verður mögulega (líklega að því er ég tel) fórnað ef áformuð framkvæmd verður að veruleika, fyrir litla orkuframleiðslu á landssvæði (Austurlandi) sem þegar leggur til hlutfallslega langmest af orku/íbúa á Íslandi.

3.4 Eignarhald

Undir þessum titli segir einfaldlega ekkert nema þetta;

„Vindmyllurnar, aðkomuvegir og rafmagnstengingar verða alfarið innan lóðar Orkusölunnar.“ Satt og rétt er þetta vissulega en í því sambandi hefði farið vel á því að í matsskýrslunni segði hér líka að óumflýjanleg neikvæð áhrif af framkvæmdinni verða að langstærstum hluta utan þessarar lóðar Orkusölunnar. Þau neikvæðu áhrif verða á landi annarra aðila en Orkusölunnar, að ekki sé minnst á neikvæð áhrif á sjálfstæðan tilverurétt umhverfis og lífríkis langt utan umræddrar lóðar.

3.5 Leyfi sem framkvæmdin er háð

Hér vantar alveg í matsáætlunina að sagt sé með skýrum hætti hverjar hugmyndir Orkusalan hafi um það hver greiðir kostnað sem mögulega fellur til vegna nauðsynlegra framkvæmda við vegi og annað í tengslum við það að flytja hluti frá Reyðarfjarðarhöfn og á uppsetningarstað við Lagarfoss.

3.6 Valkostir

Í þessum kafla má segja að lesendur séu skildir eftir með ákveðna óvissu um endanlega útfærslu mannvirkja t.d. hvað hæð varðar. Hér verður Skipulagsstofnun að stíga inn og gera skýra kröfu um að slíkt sé engum vafa undirorpið. Í matsáætluninni segir að iðnaðarlóð við Lagarfoss sé mjög hentug til nýtingar vindorku með tilliti til þeirrar áherslu ríkisstjórnarinnar að; „vindorkuver byggist upp á afmörkuðum svæðum nærri tengivirkjum og flutningslínunum þar sem unnt verður að tryggja afhendingaröryggi“ Hér skal enn og aftur á það bent að sú orka sem umrædd mannvirki eiga að skila er < 10 MW. Það er mjög lítið miðað við þann gríðarleega fórnarkostnað sem virðist fylgja fyrir aðra afkomuhagsmuni fólks á Fljótsdalshéraði en raforkuframleiðslu og fyrir umhverfi og lífríki óralangt út fyrir umrædda iðnaðarlóð við Lagarfoss. Auk heldur hefur áður komið fram að jafnvel verða engin framtíðarstörf tengd rekstri vindorkuversins.

3.6.1 Aðrir vindmyllukostir

Framar í umsögn minni hef ég bent á hvernig orðið *vindmylla* er til þess fallið að skapa hugræna mynd af mannvirkjunum sem mikið minni, en þau raunverulega verða. Þegar hér er rætt um aðra vindmyllukosti er annað og mikið grófara dæmi um tilraun til þess með orðavali að skapa smættaða mynd af þeim risamannvirkjum sem um ræðir. Hér vísa ég til hins krúttlega orðs *vindlundar*, sem sýnist ætlað að skapa hugrenningatengsl við skógarlund, birkilund o.s.frv. Við mannfólk erum hluti af vistkerum jarðarinnar en hvorki eigendur þeirra né húsbændur, nokkuð sem við gleymum oft og höfundar matslýsingarinnar gleyma endurtekið. Vistkerfin á og utan umræddrar lóðar við Lagarfoss eiga sinn sjálfstæða tilverurétt óháð þörfum Orkusölnnar.

3.6.2 Núllkostur

Hér segir;

„Núllkostur er að engar vindmyllurnar verði reistar og aðstæður við Lagarfoss verði óbreyttar og það grunnástand sem nú er til staðar fær að ríkja áfram. Orkusalan mun verða af mikilvægri reynslu og þekkingu í rekstri og nýtingu á orkugjafa sem er í mikilli sókn á heimsvísu, og samfélagið á Austurlandi mun verða af allt að 9,9 MW af uppsettu afli“

Þrátt fyrir stuttan texta þá er hér teft fram hagsmunum tvegja aðila ef svo má segja. Verði ekki virkjaður vindur við Lagarfoss þá segir að grunnástand sem nú er til staðar „... fær að ríkja áfram,, en um leið verði Orkusalan „...af mikilvægri reynslu og þekkingu í rekstri og nýtingu á orkugjafa sem er í mikilli sókn á heimsvísu, og samfélagið á Austurlandi mun verða af allt að 9,9 MW af uppsettu afli“. Enn og aftur er hér í matsáætluninni talað eins og að maðurinn sé ekki hluti af vistkerfum jarðar, heldur eigi þau og ríki yfir þeim. Mörg þeirra fáu orða þessi kafla matsáætlunarinnar telur eru nýtt til að stilla Orkusölnni og samfélagi Austurlands upp sem þolendum ef vindurinn við Lagarfoss verður ekki virkjaður. Hvergi er meiri raforka framleidd/mannsbarn en á Austurlandi og vindorkuver við Lagarfoss á að skila < 10 MW og ekki er gert ráð fyrir framtíðarstörfum við rekstur þess. Hið rétta er að komi til þessarar framkvæmdar þá verða þolendur allir aðrir en Orkusalan og þeirra á meðal vissulega samfélagið Austurland en af ástæðum sem ekki koma fram í matsáætluninni. Raunverulegir þolendur verða í fyrsta lagi nálæg vitkerfi sem t.d. hvað varðar fulgalíf hefur trúlega áhrif á heimsvísu. Hér skal á það bent að í kafla 4.3 í matsáætluninni kemur fram að einmitt viðkvæmur og fágætur gróður muni skaðast og að búsvæði fugla muni

raskast. Í öðru lagi margir íbúar á Fljótsdalshéraði, hverra lífsgæði truflast vegna sjónrænna áhrifa og í þriðja lagi t.d. rekstraraðilar í ferðapjónustu og útvistartengdri afþreyingu, hverra aðalsöluvara, náttúra Fljótsdalshéraðs skaðast. Að þessu sögðu er það augljóst að svokallaður *Núllkostur* í matsáætluninni er eini ásættanlegi valkosturinn, nokkuð sem Skipulagsstofnun hlýtur að draga fram.

4. Mat á umhverfisáhrifum

4.3. Afmörkun athugunarsvæðis vegna framkvæmdar

Hér er matsáætlunin nokkuð skýr og greinilegt af lestri hennar að reiknað er með því að áhrif framkvæmdarinnar og síðan rekstursins muni verða umtalsverð og ná langt út fyrir undirstöður mannvirkja og lóðarmörk (í samræmi við það sem segir að ofan í niðurlagi umfjöllunar um Núllkost).

4.4 Umhverfisþættir

4.4.1. Almennt

Umhverfisþættir sem framkvæmdaaðili hyggst kanna eru; Gróður - Fuglalíf - Landslag og ásýnd - Hljóðvist - Útivist og ferðamennska. Hér tel ég vanta a.m.k. eftirfarandi þætti; olíumengun, örplastmengun og áhrif af ljósabúnaði ofarlega í vindorkumannvirkjunum.

4.4.3. Fuglalíf / 4.4.3.1 Matsspurningar / 4.4.3.2 Gögn og rannsóknir

Undirritaður hefur enga sérþekkingu varðandi fugla en hefur frá barnæsku verið mikill áhugamaður um fugla. Samkvæmt þeirri reynslu sem það hefur fært mér þá hef ég miklar efasemdir um að eins árs rannsóknartímabil sé nægjanlega langt til að geta talist marktækt. Mikill munur getur verið á ýmsu í hátterni og atferli fugla frá einu ári til annars t.d. vegna mismunandi veðurfars. Því væri nær lagi að rannsóknartíminn yrði tvö eða jafnvel þrjú ár, þegar jafnmerkilegst svæði á í hlut, þ.e. IBA svæði.

4.4.4 Landslag og ásýnd / 4.4.4.1 Masspurningar 4.4.4.2 Gögn og rannsóknir

Þessi kafli matsáætlunarinnar er innleiddur með eftirfarandi smættandi orðalagi; „*Heildarhæð vindmyllanna, með spaða í efstu stöðu, er allt að 160 m og því er óhjákvæmilegt að ásýnd þeirra sé nokkur.*“ Þetta orðalag er að mínu mati mjög langt frá þeirri að mér sýnist umtalsverðu ásýndarbreytingu sem hljótast mun af vindorkuverinu. Nokkru síðar segir svo; „*Þetta sýnileikakort sýnir þó að vindmyllurnar verða sýnilegar á stærstum hluta þess hluta mið-Héraðs sem er nógu nálægt til að geta séð þær*“

Í þessa umfjöllun í matsáætluninni vantar algjörlega að gerð sé grein fyrir því hvort og hvernig ásýndarbreytingar vegna vindorkuversins muni mögulega koma í veg fyrir eða a.m.k. draga úr líkindum á því að alls kyns útvistartengd afþreying vaxi nærri verinu, sem og dragi úr eftirsókn í land fyrir t.d. sumarbústaði (sjá líka hér að neðan).

4.4.6 Útivist og ferðamennska

Hér er einungis talað um það af útivist og ferðamennsku sem til staðar er á svæðinu en á engan hátt gerð tilraun til að leggja mat á það hvort og hve mikið vindorkugarðurinn sé líklegur til að draga úr líkindum á tilkomu nýrrar þjónustu á sviði útivistar og ferðamennsku.

4.4.7.2 Fornleifar

Fráleitt verður að teljast að ekki sé gert ráð fyrir að fjalla um fornleifar í umhverfismatsskýrslu.

Virðingarfyllst,

Pétur Heimisson

Dynskógar 17

700 Egilsstaðir



Efni: Vindmyllur við Lagarfossvirkjun

Inngangur

Orkusalan hefur sent Skipulagsstofnun matsáætlun um uppsetningu tveggja vindmylla við Lagarfossvirkjun, allt að 160 m að hæð með uppsettafl allt að 9,9 MW.

Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögn sveitarfélagsins með erindi, dags. 17. apríl sl., samkvæmt 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Umsögn sveitarfélagsins skal, í samræmi við 12. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, gera grein fyrir því hvort gerð sé athugasemd „við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.“

Varðandi efnistöð og umfjöllun vill Múlaþing benda á eftirfarandi atriði sem ástæða er til að skoða betur við gerð umhverfismatsins.

- Á bls. 11 er stuttlega fjallað um flutning vindmyllanna að framkvæmdarsvæðinu frá Mjóeyrarhöfn á Reyðarfirði þar sem áætlað er að þeim verði skipað í land. Gert er ráð fyrir að breyta veginum á þremur stöðum þar sem beygjuradíus er ekki fullnægjandi. Múlaþing fer fram á að áhrif af verkefninu í heild, þar með talin flutningur vindmyllanna á framkvæmdasvæði verði hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar.
- Líkt og fram kemur í kafla 3.3.1 er fyrirhugað framkvæmdasvæði í jaðri svæði nr. 649 á náttúruminjaskrá *Gláma og nágreppi*. Jafnframt er svæðið hluti af Úthéraði sem tilgreint er á B-hluta náttúruminjaskrár og sem mikilvægt fuglasvæði. Mikilvægt er að því verði svarað í umhverfismati hvaða áhrif framkvæmdin hefur á gildi þessara svæða í heild.
- Lögð er áhersla á að eftirtöldum aðilum verði gefið færi á að skila umsögn við matsáætlunina.
 - ISAVIA – m.t.t. flugöryggis.
 - Vegagerðin – m.t.t. áhrifa á vegakerfi við flutning vindmylla á framkvæmdasvæði.
 - Markaðsstofu Austurlands, Austurbrú – m.t.t. áhrifa á svæðið sem áfangastað í heild.
- Mikilvægt er að áhrif á íbúa og samfélag á Úthérað verði einn þeirra þátta sem rannsakaðir verða.
- Í stað þess að stuðst verði við fyrirliggjandi viðhorfsrannsóknir frá öðrum svæðum á landinu er talið nauðsynlegt að gerð verði rannsókn sérstaklega á þessu svæði. Gera þarf úttekt á viðhorfi ferðamanna til vindmylla á svæðinu og hvort vindmyllur myndu hafa áhrif á afstöðu til upplifunar þeirra af svæðinu.“




- Skoða þyrfti betur upplýsingar um efnistökuastaði þar sem sumir þeirra eru fullnýttir og fullfrágengnir með vottun (námur E48, E55 og E88). Jafnframt samþykkti umhverfis- og framkvæmdaráð á fundi sínum þann 21. júní 2022 að ekki yrði áfram gert ráð fyrir námu við Kirkjubæ (E47) í nýju Aðalskipulagi Múlaþings.
- Múlaþing leggur áherslu á að gerð verði grein fyrir hvernig búnaður verði tekinn niður og gengið verði frá framkvæmdasvæðinu við lok verkefnis. Einnig verði lagt mat á mögulega mengun frá framkvæmdinni, starfseminni og frágangi við lok hennar.
- Múlaþing leggur áherslu á að framkvæmdaaðili kynni íbúum á Úthéraði áformin með dreifibréfi og íbúafundi.

Leyfisveitingar á hendi Múlaþings

Múlaþing veitir framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdum eða afmörkuðum þáttum þeirra á grundvelli skipulagsáætlana í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Einnig byggingarleyfi fyrir þeim mannvirkjum sem falla undir ákvæði laga um mannvirki nr. 160/2010, þ.m.t. byggingar vinnubúða og tilheyrandi aðstöðu fyrir framkvæmdaaðila.

Ofangreind umsögn var samþykkt á fundi heimastjórnar Fljótsdalshéraðs sem haldinn var 5. maí 2023.

Virðingarfyllst,
f.h. Múlaþings


Sóley Valdimarsdóttir,
f.h. skipulagsfulltrúa

Karólína Helgad. Vindmyllur við Lagarfossvirkjun - umhverfismat

Til : Skipulagsstofnun - SLS
Frá : Karólína Rún <karoolinarun@gmail.com>
Heiti : Karólína Helgad. Vindmyllur við Lagarfossvirkjun - umhverfismat
Málsnúmer : 202303133
Málsaðili : Orkusalan ehf.
Skráð dags : 21.04.2023 00:00:00
Höfundur : Karólína Rún <karoolinarun@gmail.com>

Ég segi nei við vindmyllum við Lagarfossvirkjun!

Sjónmengunin sem mun verða ef vindmyllur yrðu settar upp við Lagarfoss yrði gríðarleg og áberandi á stóru svæði.

Á minni lífstíð er í fyrsta skipti núna sem engin blikkandi ljós eru hátt yfir landinu á leiðinni milli Borgarfjarðar og Egilsstaða. Það var mjög gott að losna við þau þegar mastrið á Eiðum var fellt. Augun og athyglin leitar á blikkandi ljós og það gildir það sama um hreyfingu vindmylluspaða.

Sjónmengunin yrði alveg frá Vatnsskarði og nærri hálf leið í Egilsstaði og hálf leið heim á Borgarfjörð frá Egilsstöðum. Svo sé ekki talað um hættuna fyrir fugla á svæðinu. En Héraðssandarnir eru með fjölbreyttari fuglasvæðum á landinu. Það er stór partur af upplifunni við að keyra um þetta svæði að fylgjast með fjölskrúðugu fuglalífinu. Auk þess sem vindmyllur valda mikilli örplastmengun og vistspor þeirra er mjög stórt.

Ef meningin er að framleiða rafmagn hluta úr ári, afhverju er Lagarfossvirkjun ekki stækkuð? Stóran hluta ársins er miklu vatni hleypt framhjá virkjuninni.

Karólína Rún Helgadóttir
kt. 290998-3369
Svalbarði
720 Borgarfirði eystra